

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Núi Skerjafjörður

Breytt landnotkun
Breytingar á byggingarmagni
Stígar og umferðartengingar
Umfang landfyllingar minnkað

Breyting á aðalskipulagi

Sbr. 1. mgr., 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, málsmeðferð samkvæmt 30.-32. gr, sbr. einnig lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana



Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Breyting nr.31a
Júní 2020
Uppfærð 1. september og
11. desember 2020

Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði þann _____ 20__.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____ 20__.

Efnisyfirlit

1	Gildandi skipulag og helstu forsendur	4
2	Markmið og tilgangur breytinga	7
3	Breytingartillögur	8
4	Umhverfismat	12
4.1	Framsetning og skilgreining umhverfisþátta og vægiseinkunni	12
4.2	Umhverfismat Skerjabyggðar	12
4.2.1	Íbúápróun	12
4.2.2	Atvinnustarfsemi og byggðamynstur	13
4.2.3	Samgöngur, loftslag og þjónustuframboð	14
4.2.4	Heilsa og öryggi	15
4.2.5	Auðlindir, óraskað land og líffræðileg fjölbreytni	16
4.2.6	Menningarminjar	18
4.3	Framkvæmdir háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum	18
5	Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og önnur stefnukjöl	18
6	Afgreiðslu- og kynningarferli	19
7	Viðauki	21

1 Gildandi skipulag og helstu forsendur


Á síðastliðnu ári var boðuð umfangsmikil breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur, sem lýtur einkum að endurskoðun stefnu um íbúðarbyggð, tengsla byggðarþróunar við Borgarlínu, húsnæðisstefnu og vaxtarforsendum um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis (sjá verklýsing á adalskipulag.is). Í verklýsingu voru tilgreind nokkur lykil byggingarsvæði sem taka breytingum í áformaðri tillögu. Þróunarsvæði nýrrar íbúðarbyggðar í Skerjafirði var eitt þeirra svæða sem var sérstaklega nefnt og boðað að breytt skipulag fyrir svæðið tæki mið af sýn sem sett er fram í rammaskipulagi, sbr. einnig niðurstöður skipulagssamkeppni um framtíð svæðisins. Umrædd breyting á aðalskipulaginu hefur verið í vinnslu undanfarin misseri, samhliða vinnu við skipulag Borgarlínu og skipulagsvinnu á helstu framtíðarsvæðum, m.a. í Skerjafirði.

Nú liggur fyrir tillaga að deiliskipulagi fyrsta áfanga nýs hverfis í Skerjafirði og hefur verið ákveðið að auglýsa afmarkaða breytingu á aðalskipulaginu vegna þessa, samhliða auglýsingu deiliskipulagsins. Í inngangi umræddrar verklýsingar sagði: „Þar sem um umfangsmiklar og margþættar breytingar á aðalskipulaginu er að ræða, sem þarf að gefa góðan tíma, er gert ráð fyrir þeim möguleika að afmarkaðir þættir breytinga verði kynntar og afgreiddar í áföngum, eftir því sem vinnunni miðar og forsvaranlegt er að gera.“ Á grundvelli þessa og fyrirbyggjandi verklýsingar eru lögð fram til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulaginu er varðar skipulag byggjar í Skerjafirði og snerta breytta landnotkun, breytt byggingarmagn, legu stíga og umferðarkerfa og umfang landfyllingar.

Ný byggð austan núverandi byggðar í Skerjafirði, hér nefnd Nýi Skerjafjörður, er hluti af heildarskipulagi Vatnsmýrar eins og það er sett fram í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur (AR2010-2030). Heildarsýn á framtíðarskipulag Vatnsmýrar byggir á vinningstillögu Graeme Massie úr skipulagssamkeppni sem haldin var árið 2008. Í samræmi við stefnumörkun um landnotkun í Vatnsmýri í AR2010-2030, er uppbygging á svæðinu áfangaskipt (sjá kaflann *Landnotkun*, bls. 217, sjá adalskipulag.is), þar sem gert er ráð fyrir að þróun byggðar á umræddu svæði í Skerjafirði geti hafist á fyrri hluta tímabils aðalskipulagsins, í kjölfar lokunar SV-NA flugbrautar. Það er í samræmi við fyrirbyggjandi samkomulag milli Reykjavíkurborgar og ríkisins og samþykkt deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar.¹

Í AR2010-2030 er ný byggð í Skerjafirði skilgreind sem byggingarreitur nr. 16, sbr. bindandi stefna um íbúðarbyggð og þróunarreit nr. 5, sbr. lýsing á stefnunni í B-hluta aðalskipulags, en þar segir um svæðið (bls. 231): „Þ5 Nýi Skerjafjörður. Blönduð byggð með áherslu á íbúðarhúsnæði. Gert ráð fyrir 600-800 íbúðum á svæðinu, sem mögulegt er að byggja án þess að flugvöllur víki. Skilmálar í deiliskipulagi taki mið af skipulagsreglum Reykjavíkurflugvallar. Randbyggð þar sem skipulag gatnakerfis og yfirbragðs er tekið mið af framtíðarskipulagi Vatnsmýrar“. Í bindandi stefnuákvæðum um svæðið í A-hluta aðalskipulagsins segir að gert sé ráð fyrir 800 íbúðum á svæðinu, ásamt atvinnuhúsnæði, byggingar verði 3-5 hæðir, uppbygging nái til 23 ha svæðis (þar af um 6,6 ha á landfyllingum sbr. afmörkun á uppdrætti) og geti farið fram á tímabilinu 2012-2020 (sjá kaflinn *Borgin við Sundið*, mynd 13, bls. 32-33, sjá adalskipulag.is).

¹ Sjá *Samkomulag ríkis og Reykjavíkurborgar um skipulag og uppbyggingu á landi ríkisins við Skerjafjörð*, dagsett 1. mars 2013, *Samkomulag ríkis, Reykjavíkurborgar og Icelandair group*, undirritað 25. október 2013, samanber einnig *Samkomulag borgarstjóra og samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra*, dagsett 28. nóvember 2019. Deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar, samþykkt 28. apríl 2016 var unnið í samvinnu við ISAVIA.



1. mynd. Gildandi stefna Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030. Landnotkun í Skerjafirði samanber framsetning á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags. Stefna um landnotkun og yfirbragð byggðar í gildandi aðalskipulagi tekur mið af vinningstillögu um heildarskipulag Vatnsmýrar frá árinu 2008. Samkvæmt mynd 13 í kaflanum Borgin við Sundin (bls. 32-33) er ný byggð í Skerjafirði skilgreind sem byggingarreitur nr. 16, þar sem áætlaðar eru 800 íbúðir auk atvinnuhúsnæðis og 3-5 hæða byggð. Í gildandi aðalskipulagi er gert var ráð allt að 6,6 ha landfyllingu og all stórra smábátahöfn. Í megin atriðum felst breytingin á breyttu umfangi landfyllingar og afmörkun hennar, þar sem gert er ráð fyrir mun minni fyllingu (um 4,3 ha) og aðlögun hennar að strandlengjunni, þar sem hin „náttúrulega“ strönd og mögulega leirur verða endurheimtar með tímanum. Gerð landfyllingar er forsenda uppbyggingar í síðari áfanga, sbr. rammaskipulag fyrir svæðið frá 2018.

Afmörkun svæðisins og megin forsendur um þróun byggðar, eins og þær voru settar fram í aðalskipulaginu, voru lagðar til grundvallar í hugmyndaleit um nýja byggð í Skerjafirði sem fór fram árið 2017, en þar var einnig horft til samspils við aðliggjandi svæði. Í kjölfar hennar var verðlaunahöfum falið að vinna rammaskipulag fyrir svæðið en þeirri vinnu lauk vorið 2018, sjá fylgiskjal *Skerjafjörður. Rammaskipulag. Greinargerð og leiðarljós*.² Í framhaldinu var ákveðið að vinna deiliskipulag fyrir fyrsta áfanga uppbyggingar nýrrar byggðar og var það auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari.

Í ljósi þess að sýn um þróun byggðar í Skerjafirði var sett fram með mjög skematískum hætti í AR2010-2030, þar sem tekið var mið af helstu áherslum í framtíðarskipulagi Vatnsmýrar, var sýnt að gera þyrfti sérstaka breytingu á aðalskipulaginu þegar skýrari sýn lægi fyrir um mótun byggðar á svæðinu. Rammaskipulagið er leiðarljós við mótun tillagna um breytt aðalskipulag í Skerjafirði og deiliskipulag fyrsta áfanga leggur nánari línur um formun breytingartillagna, er varðar þann hluta svæðisins.

Við mótun breytingartillagna er ekki vikið í veigamiklum atriðum frá gildandi aðalskipulagi um þróun byggðar í Skerjafirði og þeirri heildarsýn sem sett er fram um skipulag í Vatnsmýri til lengri framtíðar. Það hefur verið gengið útfrá því við skipulagningu hvers áfanga uppbyggingar í Vatnsmýri, að hvert svæði marki sér stöðu jafnhliða því sem grundvallarviðmið heildarskipulagsins séu virt í meginatriðum (sjá 3. kafla).

²ASK-arkitektar, Efla & Landslag (2018): *Skerjafjörður. Rammaskipulag. Greinargerð og leiðarljós*. Unnið fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, dagsett 15. maí 2018.

Þar sem tillagan tekur til breytinga á fyrirhugaðri landfyllingu í Skerjafirði telst breytingin háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana og því fylgir tillögudrögunum umhverfisskýrsla (sjá 4. kafla). Ítarlegri gögn um umhverfisáhrif og forsendur skipulagsbreytinga er að finna í fylgiskjöllum með deiliskipulagstillögu sem auglýst var samhliða og í rammaskipulaginu frá 2018 (sjá fylgiskjal).

Við auglýsingu tillögunnar var vakin sérstök athygli á því að hafið væri umhverfismatsferli vegna landfyllingarinnar, þar sem fjallað væri sérstaklega um umhverfisáhrif landfyllingarinnar og framkvæmda henni tengdri, sbr. lög nr. 106/2000.³ Því ferli er ekki enn lokið og er aðalskipulagsbreyting afgreidd með þeim fyrirvara. Þar sem verið er að draga úr umfangi þeirrar landfyllingar sem sýnd er á gildandi aðalskipulagi, er talið forsvaranlegt að halda skipulagsferlinu og umræddu umhverfismatsferli aðskildu. Það er hinsvegar ljóst að endanleg niðurstaða úr matsferlinu getur leitt til þess að gera þurfi á ný breytingu á aðalskipulaginu, vegna frekari minnkunar landfyllingar eða breytttrar afmörkunar hennar. Athugasemdir Skipulagsstofnunar, dagsettar 31. ágúst 2020, voru auglýstar með tillögunni og var horft til þeirra við afgreiðslu tillögu að lokinni auglýsingu í samhengi við þær umsagnir sem hafa borist á vinnslustigi tillögunnar og framkomnar athugasemdir á auglýsingatímanum. Sjá nánar um afgreiðslu tillögu í kafla 6,

³ Sjá drög að matsáætlun, Efla (2020): *Landfylling í Nýja Skerjafirði*, Drög að tillögu að matsáætlun, dagsett 07.04.2020.



2. mynd. Sýn á framtíðarbyggð í Skerjafirði eins og hún var sett fram í samþykktu rammaskipulagi árið 2018 (til vinstri). Skýringarmynd úr tillögu að deiliskipulagi fyrsta áfanga uppbyggingar. Við mótnun fyrsta áfanga uppbyggingar hefur verið vikið eilítið frá rammaskipulaginu. ASK arkitektar - Landslag - Efla - Maí 2018; ASK arkitektar 2020.

2 Markmið og tilgangur breytinga

Tilgangur breytingar er að uppfæra aðalskipulag Reykjavíkur í takti við þá sýn sem sett er fram í samþykktu rammaskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð og tryggja uppbyggingu húsnæðis í samræmi við fyrsta áfanga deiliskipulags fyrir svæðið. Megin markmið með þróun nýrrar byggðar í Skerjafirði eru annars þessi:

- Stuðla að bættri nýtingu svæða innan borgarinnar sbr. markmið aðalskipulagsins um uppbyggingu þéttar og blandaðrar byggðar, sjálfbæra borgarþróun og bættan borgarbrag.
- Auka framboð fjölbreytts íbúðarhúsnæðis og búsetukosta í samræmi húsnæðisstefnu aðalskipulags og Húsnæðisáætlun borgarinnar.
- Að skapa sjálfbæra íbúðarbyggð í Skerjafirði með grænu yfirbragði sem er vel tengd við nálæga atvinnukjarna og háskóla með öruggum og vistvænum samgönguvinnviðum. Að styrkja núverandi byggð í Skerjafirði og skapa forsendur fyrir grunnskóla og öflugan hverfiskjarna í hverfinu. Byggðin verði þróuð í sem mestri sátt við núverandi útivist, umhverfi og náttúru.


3 Breytingartillögur

Í megin atriðum felst breytingin á aðalskipulaginu í því að landfylling er minnkuð um rúma 2 ha og lagt til að hún verði formuð og aðlöguð eins og kostur er að hinni náttúrulegu strandlengju. Heimildir um fjölda íbúða eru hækkaðar úr 800 íbúðum í 1300, m.a. til að skapa tryggari grunn að sjálfstæðu skólahverfi. Tillagan felur þó ekki í sér verulegar breytingar á heildar byggingarmagni, þar sem gert er ráð fyrir minni miðsvæðum og þar með minna umfangi atvinnuhúsnæðis. Það gerir það að verkum að umferðarsköpun frá nýrri byggð ætti ekki aukast ýkja mikið, frá því sem áður var ráðgert í gildandi aðalskipulagi

Breytingartillögur fela annars eftirfarandi í sér:


- Áformuð landfylling er mótuð nánar samanber sýn rammaskipulags. Dregið allnokkuð úr umfangi hennar og fyrirhugaðrar smábátahafnar. Landfyllingin færð út fyrir skilgreint hverfisverndarsvæði við Ægisíðu, en mögulegur varnargarður og bryggjur smábátahafnar verða útfærðar nánar í deiliskipulagi 2. áfanga og samkvæmt niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum framkvæmda. Einnig er uppdráttur uppfærður vegna fyllinga undir brú yfir Fossvog, sbr. samþykkt deiliskipulag.
- Skólalóð er afmörkuð og staðsett eilítið sunnar en áður var ráðgert, næst grænum ás og skilgreindu strandsvæði.
- Landnotkun er almennt skilgreind nánar, þ.e. samspil íbúðarbyggðar og miðsvæða. Miðsvæði minnka á kostnað íbúðarbyggðar og þar með umfang atvinnuhúsnæðis. Skilgreindur er nýr hverfiskjarni sem þjónar íbúðarbyggð í Skerjafirði og er hann tilgreindur sem verslunar- og þjónustusvæði (VP). Einnig eru skilgreind miðsvæði (M29) á framhúsum sem snúa að helstu umferðargötum og strandstíg, sbr. heildarskipulag Vatnsmýrar.
- Grænn ás, sbr. heildarskipulag Vatnsmýrar er þrengdur lítillega á kafla en gert er meðal annars ráð fyrir að lóð skóla „skarist“ að hluta á við græna ásinn.
- Lega stofn- og tengistíga er fest niður og tekið tillit til umferðartenginga, sbr. ákvæði deiliskipulags.
- Heimildir um heildarfjölda íbúða á svæðinu eru hækkaðar í takti við tillögu að rammaskipulagi, breytt landnotkunarskipulag og minnkað umfang atvinnuhúsnæðis á svæðinu.
- Heildar byggingarmagn á svæðinu breytist óverulega. Í gildandi aðalskipulagi er miðað við 120 m² meðalstærð íbúða og 96.000 m² íbúðarhúsnæðis eða allt að 115 þúsund m², ef 20% vikið væru fullnýtt. Í breytingartillögu er miðað við 90 m² meðalstærð íbúða og miðað við 1300 íbúðir á fullbyggðu svæði, yrði heildar byggingarmagn íbúðarhúsnæðis um 117.000 m². Auk þess má reikna með að byggingarmagn atvinnuhúsnæðis minnki allnokkuð frá gildandi skipulagi⁴ en á skilgreindum miðsvæðum(M29) meðfram umferðarleiðum er miðað við að íbúðir verði að jafnaði á efri hæðum.

⁴ Miðsvæði í Skerjafirði sem skilgreind eru í gildandi aðalskipulagi eru ekki tilgreind í töflu 3 yfir helstu miðsvæði (bls. 52 í kaflanum Skapandi borg, sjá aðalskipulag.is), en í B-hluta aðalskipulagsins er getið um 20 þúsund fermetra atvinnuhúsnæðis á svæðinu næst strandlengjunni (bls. 249, B-hluti, aðalskipulag.is)




3. mynd. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi. Tillögur ná formlega til þéttbýlisuppdráttar (1:20.000) og kaflanna *Borgin við Sundin* (bls. 32-33) og *Landnotkun* (bls. 205 og bls. 209) í A-hluta greinargerðar.

Fyrir breytingu (þéttbýlisuppdráttur 1:20.000):



Eftir breytingu (þéttbýlisuppdráttur 1:20.000):



Skilgreining landnotkunar:

Skilgreint er nýtt verslunar- og þjónustusvæði (hverfiskjarni) (bætist við kafla á bls. 206-207 í kaflanum Landnotkun; adalskipulag.is):


Verslunar- og þjónustukjarni (VP). Skerjafjörður - hverfiskjarni. Landnotkun sbr. skilgreining hverfiskjarna.* Gert ráð fyrir matvöruverslun, almennri verslun og þjónustu og bílastæðahúsi.

*Hverfiskjarnar. Kjarni með stærri matvöruverslunum og fjölbreyttri verslun og þjónustu sem þjónar heilu hverfi. Veitingastaðir í flokki I og II eru heimilir í hverfiskjörnum, svo og gististaðir í flokki I-III. Veitingastaðir í flokki III geta verið heimilir samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi eða hverfisskipulagi. Íbúðir eru heimilar, einkum á efri hæðum bygginga. Hverfiskjarnar eru almennt skilgreindir sem Verslun og þjónusta (VP).

Skilgreint er miðsvæði meðfram helstu umferðargötum, sbr. sýn um heildarskipulag Vatnsmýrar (bætist við kafla bls. 209 í kaflanum Landnotkun; adalskipulag.is):

Miðsvæði M29. Vatnsmýri. Víðari landnotkunarheimildir meðfram megin umferðargötum í Vatnsmýri og meðfram strandstíg. Verslun og þjónusta, skrifstofur og önnur þrífaleg atvinnustarfsemi, samfélags- og menningarstofnanir. Gera má ráð fyrir íbúðum, einkum á efri hæðum. Veitingastaðir í flokki III eru ekki heimilir. Gististaðir almennt ekki heimilir, nema meðfram strandstíg samkvæmt skilgreiningu í deiliskipulagi.

Stefna um íbúðarbyggð, sbr. mynd 13 (bls. 32-33, í kaflanum Borgin við Sundin; adalskipulag.is):



Reitur 16. Gert ráð fyrir 1300 íbúðum, 2-5 hæða húsum, 100 íbúðum/ha og uppbyggingu á tímabilinu 2020-2030.

4 Umhverfismat

Hér að neðan má finna umhverfisskýrslu sem unnin er af VSÓ-ráðgjöfum.

4.1 Framsetning og skilgreining umhverfisþátta og vægiseinkunni

Framsetning og skilgreining umhverfisþátta, vægiseinkunnir og viðmið byggja á verk- og matslýsingu fyrir Íbúðarbyggð og blönduð byggð 2010-2030/2040 (sjá adalskipulag.is). Vægi á áhrifum eru sett fram á eftirfarandi hátt:

Tákn	Lýsing
++	Líkleg veruleg jákvæð áhrif
+	Líkleg jákvæð áhrif
0	Engin eða óveruleg áhrif
-	Neikvæð áhrif
--	Líkleg veruleg neikvæð áhrif
?	Óvissa eða óþekkt áhrif

4.2 Umhverfismat Skerjabýggðar

4.2.1 Íbúðapróun

Umvhverfisþættir	Matsspurningar og viðmið	Áhrif
Íbúðapróun	<ul style="list-style-type: none">• Styður tillagan markmið um félagslega fjölbreytni í hverfum?• Stuðlar tillagan að fjölbreyttu framboði húsnæðis?• Mætir tillagan spám um þörf fyrir minna húsnæði?	+

Viðmið	Samræmi
Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030	
Markmið um húsnæði fyrir alla. Leitast verði við að tryggja fjölbreytt framboð húsagerða og búsetukosta fyrir alla félagshópa.	+/-
Stefnt verði að því að allt að 25% íbúða verði miðaðar við þarfir þeirra sem ekki vilja leggja eða ekki geta lagt mikið fé í eigið húsnæði. Uppbygging slíks húsnæðis verði einkum á miðlægum svæðum sem auðvelt er þjóna með góðum almenningssamgöngum.	+
Húsnæðisstefna Reykjavíkurborgar	
Markmið um öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði fyrir alla borgarbúa.	+
Markmið um að tryggja félagslega fjölbreytileika með fjölbreyttu framboði íbúðagerða, hvað varðar stærð, gerð og eignarform.	+

Tillagan gerir ráð fyrir að í Nýja Skerjafirði verði byggður nýr hverfiskjarni, skóli og íbúðagerðir verði fjölbreyttar. Miðað er við að meðalstærð íbúða verði um 90 m² en í núgildandi skipulagi er meðalstærðin um 120 m². Einnig er gert ráð fyrir að húsnæðisstefnu verði fylgt eftir á þann hátt að allt að 25% íbúða verði miðaðar við þarfir þeirra sem ekki vilja eða geta lagt mikið fé í eigið húsnæði og spám um aukna eftirspurn eftir minni eignum er mætt. Fasteignaverð hvers tíma hefur þó talsverð áhrif á það hvort markmið um viðráðanlegt verð komi til með að verða uppfyllt. Þarfir þeirra félagshópa sem þurfa eða vilja stærra húsnæði eru líklega ekki uppfylltar í þessu hverfi.

4.2.2 Atvinnustarfsemi og byggðamynstur

Umhverfisþættir	Matsspurningar og viðmið	Áhrif
Atvinnustarfsemi	<ul style="list-style-type: none"> Hefur tillagan áhrif á nýtingu núverandi húsnæðis (íbúða- og atvinnuhúsnæðis)? Stuðlar tillagan að auknu jafnvægi í dreifingu íbúa og starfa um borgina? Stuðlar tillagan að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í nálægð við þungamiðju atvinnulífs? Hvaða áhrif hefur tillagan á gæði hins byggða umhverfis, ásýnd og yfirbragð? 	++
Byggðamynstur		

Viðmið	Samræmi
Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030	
Þétting og endurnýjun byggðar eigi sér einkum stað á vannýttum iðnaðar- og athafnasvæðum.	+
Þétting byggðar leiði til meiri gæða í borgarumhverfinu.	+
Byggð á þéttingarreitum beri yfirbragð borgar, þar sem skipulag bygginga, gatna og opinna svæða verði samtvinnað á heildrænan hátt.	+
Landsskipulagsstefna	
Sjálfbært skipulag þéttbýlis: Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þétttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýtttra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar.	+
Gæði hins byggða umhverfis: Skipulag byggðar og bæjahönnun stuðli að gæðum í hinu byggða umhverfi og að yfirbragð og mælikvarði nýrrar byggðar falli að bæjarmynd viðkomandi staðar og sögulegri byggð. Jafnframt verði stuðlað að heilnæmu umhverfi sem veiti góð skilyrði til búsetu og möguleika til fjölbreyttrar útiveru.	+
Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	
Þróun þéttbýlis verði innan vaxtarmarka.	+
Meginþunga vaxtar verður beint á miðkjarna og önnur samgöngumiðuð þróunarsvæði.	+
Skipulagslög nr. 123/2010	
Markmið um skynsamlega og hagkvæma nýtingu lands og landgæða með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.	+

Svæðið er að mestu óbyggt en núverandi byggingar eru flestar tengdar fyrirverandi olíubirgðastöð Shell. Í dag eru húsin nýtt undir ýmsa starfsemi Reykjavíkurborgar og Tækniskólans. Svæðið við byggingarnar er nýtt sem geymslusvæði fyrir Reykjavíkurborg. Þá er við ströndina gamalt flugskýli sem kallast Sjóbúð sem hýsir flugtengda starfsemi í dag. Gert er ráð fyrir að nýta Shellsvæðið undir frístundasvæði og blandaða starfsemi og svæði við Sjóbúðina verði með blandaðri starfsemi, gjarnan tengd heilsu og útivist og jafnvel kaffihúsi. Þannig verður svæði sem er lítið nýtt í dag að íbúðasvæði með grænum svæðum, fjölbreyttum íbúðagerðum og aðgengi að þjónustu og frístundaaðstöðu sem fellur vel að markmiðum um skynsamlega nýtingu lands og landgæða með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Uppbygging á reitnum stuðlar að auknu jafnvægi í dreifingu íbúa og starfa um borgina, þar sem reiturinn er nálægt atvinnusvæðum miðborgarinnar, miðborginni og háskólum. Áhersla er á að tengja svæðin með almenningssamöngum, hjóla- og göngustígum.

Uppbyggingin getur haft góð áhrif á gæði hins byggða umhverfis þannig að svæði sem er með dreifðu atvinnuhúsnæði og geymslusvæði í dag verður að íbúðarbyggð með grænum svæðum og aðgengi að sjávarsíðunni er áfram tryggt. Þó þarf að hafa í huga að fyrirséð er að flugvöllur verður starfræktur nálægt svæðinu sem hefur áhrif á gæði byggðar með tilliti til hljóðvistar. Rammaskipulagið, sem er leiðarjós við mótun deiliskipulags, gerir ráð fyrir mjúku gatnaformi og fjölbreyttu randbyggðarformi, grænum svæðum, gróðri og að blágrænar ofanvatnslausnir verði ríkjandi í hverfinu, ásamt því að útfæra náttúrulega strönd og miðlæg bílastæðahús fyrir íbúa í staðinn fyrir einkastæði innan lóða eða í bílakjöllurum.

4.2.3 Samgöngur, loftslag og þjónustuframboð

Umhverfisþættir	Matsspurningar og viðmið	Áhrif
Samgöngur / ferðavenjur þjónustuframboð	<ul style="list-style-type: none"> Hefur tillagan áhrif á farþegagrunn Borgarlínu? Styður tillagan við markmið aðalskipulags um breyttar ferðavenjur? Hvaða áhrif hefur tillagan á losun frá samgöngum? Hefur tillagan áhrif á skólahverfi? Styður tillagan markmið um aðgengi að verslun og þjónustu? 	++

Viðmið	Samræmi
Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030	
Græna borgin og stefna aðalskipulags um vistvænni samgöngur.	+
Markmið um bætt aðgengi að verslun- og þjónustu.	+
Uppbyggingin verði í manneskjulegum mælikvarða og styðji við almenningssamgöngur, hjólandi og gangandi.	+
Skólahverfið verði áfram grunneining í skipulagi íbúðarhverfa borgarinnar.	+
Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	
Á höfuðborgarsvæðinu verði raunhæft val um skilvirka samgöngumáta.	+
Hlutdeild almenningssamgangna, göngu og hjólreiða aukist.	+
Samgönguáætlun 2019-2033	
Markmið um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og framkvæmd Borgarlínu.	+
Loftslagsstefna Reykjavíkurborgar 2018-2030 og aðgerðaráætlun til 2020	
Hlutdeild bílaumferðar minnki. Efling almenningssamgangna og hjólreiða.	+
Draga úr ferðapörf og þjónusta veitt sem næst notendum eða gerð aðgengileg með vistvænum fararmátum.	+
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018–2030, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	
Efling á almenningssamgöngum, hjólreiðum og göngu sem samgöngumáta.	+
Samgöngumiðað skipulag sem gerir aðra ferðamáta en einstaklingsbíla að raunhæfum valkostum.	+
Breyta ferðavenjum með öflugum almenningssamgöngum, deilihagkerfislausnum og styrkingu innviða fyrir gangandi og hjólandi.	+

Stutt verður í almenningssamgöngur en tillagan gerir ráð fyrir leið almenningssvagna um aðalgötu svæðisins. Borgarlínan mun liggja austan við byggðina þar sem hún fer yfir Fossvog á brú. Gert er ráð fyrir að í Skerjabyggð verði grunnskóli, leikskóli og virkur þjónustukjarni. Byggðin er miðsvæðis í

borginni og stutt í helstu atvinnusvæði og háskólasvæði borgarinnar sem verða tengd með hjóla- og göngustígum.

Gera má ráð fyrir að með góðu aðgengi að almenningssamgöngum og neti hjóla- og göngustíga sem tengist nálægri þjónustu, skóla og atvinnusvæðum verði losun gróðurhúsalofttegunda frá bílaumferð minni en annars væri. Öll uppbygging veldur aukinni losun en segja má að með efnisvali í byggingar og áherslu á almenningssamgöngur og virka ferðamáta sé dregið verulega úr neikvæðum áhrifum á loftslag.

4.2.4 Heilsa og öryggi

Umhverfisþættir	Matsspurningar og viðmið	Áhrif
Heilsa og öryggi	• Hvaða áhrif hefur tillagan á loftgæði, sbr. markmið um að draga úr svifryksmengun?	-
	• Hvaða áhrif hefur tillagan á hljóðvist?	-
	• Hefur tillagan áhrif á lýðheilsu, s.s. aðstæður til heilsueflingar, aðgengi að útivistarsvæðum?	+

Viðmið	Samræmi
Hreint loft til framtíðar – Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029	
Fækka árlegum fjölda daga þar sem svifryk fer yfir skilgreind heilsufarsmörk af völdum umferðar.	+/-
Reglugerð um hávaða nr. 724/2008	
Markmið um að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum af völdum hávaða.	+/-
Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi	
Að öll sveitarfélög á Íslandi verði heilsueflandi samfélög og þannig verði heilsa og vellíðan allra íbúa eflað með markvissum hætti.	+
Að við stefnumótun og áætlanagerð stjórnvalda verði gætt að áhrifum heilsu og líðan á íbúa samfélagsins.	+
Lýðheilsuvísar 2017, Embætti Landlæknis	
Virkur ferðamáti í vinnu eða skóla. Hlutfall þeirra sem hjólar eða gengur þrisvar sinnum í viku eða oftár til vinnu eða skóla	+

Með góðu aðgengi að almenningssamgöngum og aðstöðu fyrir hjólandi og gangandi umferð skapast möguleiki á að draga úr notkun einkabílsins sem aftur dregur úr myndun svifryks og umferðarhávaða.

Gert er ráð fyrir að mengun og hljóðvist vegna umferðar aukist við núverandi byggð við Einarsnes því umferð inn í hverfið liggur þar í gegn. Breytingartillagan frá núverandi skipulagi felst í heimild til að reisa fleiri íbúðir á svæðinu, þ.e. 1.300 í stað 800. Á móti er dregið úr byggingarheimildum atvinnusvæðis sem vegur á móti aukningu umferðar vegna íbúa. Því er áætlað að umferð komi ekki til með að breytast verulega m.v. gildandi aðalskipulag. Reiknað er með að umferð um vestasta hluta Einarsness fari úr 2 þús. bílum á sólarhring, miðað við stöðuna í dag, í um 7 þús. bíla á sólarhring.

Greining á hljóðvist á skipulagssvæðinu gerir ráð fyrir mestum áhrifum af umferð nyrst á svæðinu. Áhrif vegna flugvallarins eru mest á nyrðri og austari hluta svæðisins. Við vinnslu deiliskipulags þarf að huga að húsagerð og mótvægisáðgerðum vegna hljóðvistar þar sem hljóðstig kann að vera yfir viðmiðunarmörkum reglugerðar um hávaða.

Á framkvæmdatíma verður umferð þungaflutningabíla með efni í landfyllingu um Nauthólsveg og eftir tímabundinni opnun suður fyrir flugvöllinn. Flutningarnir geta skapað hávaða og aukið svifryksmengun tímabundið sem hefur áhrif á þá sem búa og starfa við viðkomandi umferðaræðar og þá sem stunda útivist við ströndina, á láði eða legi. Áhrifin eru minni en í núgildandi skipulagi þar sem landfylling er minni samkvæmt tillögunni sem hér er til umfjöllunar.

Áhrif á lýðheilsu, aðstæður til heilsueflingar og aðgengi að útivistarsvæðum eru að mestu jákvæð. Hið nýja hverfi býður upp á aðstæður til heilsueflingar með hjóla- og göngustígum, aðgengi að grænum svæðum, nálægð við ströndina og aðstöðu til frístundaiðkunar. Gert er ráð fyrir grænum geira sem liggur norður-suður eftir hverfinu.

Fjaran á skipulagssvæðinu telst vera náttúruleg en áhrifa fyrri uppbyggingar gætir að nokkru. Með landfyllingu dregur úr möguleikum til fræðslu skólahópa og möguleika á upplifun af náttúrulegri fjöru þar sem fáar slíkar eru eftir í Reykjavík. Heildarupplifun á vinsælli göngu- og hjólaleið meðfram ströndinni breytist. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir að frágangur svæðisins verði með þeim hætti að svæðið nýtist til fjölbreyttrar útivistar.

4.2.5 Auðlindir, óraskað land og líffræðileg fjölbreytni

Umhverfisþættir	Matsspurningar og viðmið	Áhrif
Líffræðileg fjölbreytni	<ul style="list-style-type: none"> Hefur tillagan áhrif á vistkerfi/líffræðilega fjölbreytni? 	-
Auðlindir Opin svæði og óraskað land	<ul style="list-style-type: none"> Hefur tillagan áhrif á nýtingu lands? Hefur tillagan áhrif á gegndræpi jarðvegs? Hvað þola innviðir; frárennsli, heitt vatn og kalt vatn? Hver er þörf á efnistöku? 	0

Viðmið	Samræmi
Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, sbr. 61. gr.	
Markmið um að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags	-
Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja	-
Ramsarsamningur um votlendi	
Stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem eru lífsvæði fyrir votlendisfugla. Vernda skuli öll svæði sem hafa alþjóðlegt gildi fyrir votlendisfugla.	-
Bernarsamningur um verndun villtra plantna og dýra	
Að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra, einkum þeirra tegunda og lífsvæða sem fjölþjóðlegar samvinna þarf til að vernda.	-
Río samningur um líffræðileg fjölbreytni	
Vernda líffræðilega fjölbreytni og stuðla að sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda.	-
Stefna Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni	
Að huga að skipulagi og hönnun borgarrýmis með það í huga að líffræðileg fjölbreytni fái aukið svigrúm til að þrífast þar á eigin forsendum.	-
Að innleiða ofanvatnslausnir sem geta falið í sér ný ferskvatnsbúsvæði.	+
Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030	
Græna borgin, markmið um að ekki verði gengið á græn svæði sem hafa útivistargildi.	-
Borgin við sundin, markmið um að þétting verði á vannýttum iðnaðar- og athafnasvæðum.	+

Umhverfis- og auðlindastefna; náttúruvernd og útivist. Markmið um góð tengsl borgarbúa við útivistarsvæði verði tryggð þrátt fyrir nýja uppbyggingu. Hlutfall þeirra sem búa innan við 300 m frá útivistarsvæðum haldist í 92%. Ein af helstu áherslum er að Skerjafjörður verði friðaður.	+/-
--	-----

Landfylling í Skerjabyggð kemur til með að hafa neikvæð áhrif á fjörulíf. Fjaran er skilgreind sem klóþangsklungur og leirur sem er mikilvæg fyrir smádýralíf og sem uppeldisstöðvar fyrir seiði, s.s. þorsk og ufsa. Ríkulegt fuglalíf í Skerjafirði nærast á smádýralífi fjörunnar sem myndi skerðast og þrátt fyrir fyrirhugaða endursköpun sandfjörunnar er ekki víst að hægt sé að endurheimta þanggróðurinn sem er mjög hægvaxta. Með því að skerða fjöruna er einnig verið að taka í sundur samhangandi búsvæði sem getur haft neikvæð áhrif út fyrir svæðið (e. habitat fragmentation). Af þessum sökum eru áhrif á líffræðilega fjölbreytni neikvæð. Landfyllingin mun hafa neikvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda að því leyti að þangbreiður sem binda koldíoxíð munu skerðast rétt eins og annar gróður sem fer undir byggt svæði.

Samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta leirur sérstakrar verndar. Þá hefur klóþangsklungur mjög hátt verndargildi samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands. Einnig má gera ráð fyrir að fjörulífverur missi búsvæði sín.

Landfyllingin er á alþjóðlega mikilvægu fuglasvæði, FG-V 2 Álftanes-Skerjafjörður. Fuglategundir í Skerjafirði dreifast um svæðið og nýta þau fjölbreyttu búsvæði sem eru í boði. Landfylling á þessum stað er ekki í samræmi við Bernarsamninginn, Ramsar samninginn eða Ríó samninginn um líffræðilega fjölbreytni. Í mati á umhverfisáhrifum landfyllingar verður gerð nánari grein fyrir áhrifum á lífríki.

Landfyllingin er ekki á hverfisverndarsvæði en ströndin vestan og austan við svæðið er skilgreind sem hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi. Í umhverfis- og auðlindastefnu aðalskipulags Reykjavíkur er ein af áherslum að friða Skerjafjörð. Hafa þarf í huga að sú tillaga er lögð fram samhliða núverandi aðalskipulagi þar sem landfyllingin er samþykkt og það hefur verið litið til þess að undanskilja þetta svæðið. Skerjafjörður er eitt þeirra svæða sem að Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að verði sett á B-hluta náttúruminjasráðs. Landfylling getur haft neikvæð áhrif á gildi þess svæðis sem lagt er til að friða.

Því ber að halda til haga að landfyllingin er þó minni en gert er ráð fyrir í núgildandi skipulagi en neikvæð áhrif eru enn til staðar. Einnig þarf að hafa í huga að aðalskipulag gefur heimild um hámarkslandfyllingu. Lokaniðurstaða er háð niðurstöðu á mati á umhverfisáhrifum og leyfisveitingu um framkvæmdir. Án landfyllingarinnar minnkar það land sem mögulegt er til uppbyggingar allnokkuð sem hefur í för með sér að fjöldi mögulegra íbúða fækkar umtalsvert.

Nýting lands er með þeim hætti að raskað svæði verður tekið undir íbúðabyggð. Um er að ræða fyrrum helgunarsvæði flugvallar og svæði sem er nýtt að einhverju leyti undir atvinnuhúsnæði og sem geymslusvæði. Nýting eykst og stuðlað er að þéttingu byggðar í nánd við atvinnusvæði miðborgar og háskólasvæði.

Meirihluti svæðisins er raskað og var nýtt undir flugstarfsemi og aðra tengda starfsemi. Hluti svæðisins, um 25% af skipulagssvæðinu, er landfylling á náttúrlegri fjöru.

Gegndræpi jarðvegs breytist því hluti svæðisins er gegndræpur jarðvegur sem tekin verður undir undir íbúðabyggð. Með því að tryggja græn svæði, tjarnir og skipuleggja blágrænar ofanvatnslausnir má lágmarka áhrifin.

Óveruleg breyting er á stöðu innviða, s.s. frárennsli og vatnsöflun, sem breytist lítið við þéttingu byggðarinnar sem hér er lögð til, miðað við gildandi aðalskipulag. Í rammaskipulagi kemur fram að stofnkerfi fráveitu við Skeljanes annar ekki auknu álagi og vinna er hafin við að skoða möguleika til að auka afköst þess.

Gerð er grein fyrir efnistöku vegna landfyllingar í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Áætluð efnispörf er um 224.000 m³ og reiknað er með að efnið komi að hluta frá lóðarframkvæmdum á nálægum svæðum, t.d. Landsspítala við Hringbraut.

Jarðvegsrannsóknir hafa leitt í ljós að á tilteknum stöðum er mengaður jarðvegur og hugsanlega verður hann fjarlægður að hluta. Gera þarf nánari grein fyrir því í deiliskipulagi þeirra svæða.

4.2.6 Menningarminjar

Umhverfisþættir	Matsspurningar og viðmið	Áhrif
Menningarminjar	• Hefur tillagan áhrif á menningarminjar?	0

Viðmið	Samræmi
Lög um menningarminjar nr. 80/2012	
Markmið um að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.	+

Engar fornleifar eru á svæðinu en yngri minjar tengdar nú horfinni birgðastöð Shell og herminjar fyrirfinnast á svæðinu. Leifar olíubryggju Shell frá því upp úr 1930 standa í fjörunni og eru í slæmu ásigkomulagi. Heimildir um fjölmargar herminjar eru á svæðinu en þær sem standa eftir eru tvö byssustæði frá 1941 og 1942, flugskýli 3 frá 1942, dráttarbraut frá 1941 og Sjóskýlið frá 1940. Ástand allra herminjanna er gott. Við vinnslu deiliskipulags þarf að skoða hvort minjar, einstök hús eða húsaþyrpingar verða láttnar standa, m.a. með hliðsjón af niðurstöðu húsakönnunar.

4.3 Framkvæmdir háðar lögum um mat á umhverfisáhrifum

Landfyllingar eru tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar, skv. tl. 10.21 og 10.22 í viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Reykjavíkurborg hefur hins vegar ákveðið að nýta sér heimild í 6. mgr. 6. gr. laganna um að undirgangast mat á umhverfisáhrifum og er matsferlið hafið.

5 Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og önnur stefnukjöl

Uppbygging og þróun byggðar í Skerjafirði er í góðu samræmi við megin markmið Svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, *Höfuðborgarsvæðið 2040*. Með tilkomu Borgarlínu og nýrrar brúar yfir Fossvog verður svæðið vel staðsett gagnvart vistvænum samgönguinnviðum og getur talist til samgöngumiðaðra svæða, sbr. ákvæði svæðisskipulagsins. Skipulag Nýja Skerjafjarðar mun enn fremur uppfylla í öllum meginatriðum þær kröfur og þau viðmið sem sett eru fram um samgöngumiðuð svæði í töflu 2, bls. 36 í svæðisskipulaginu. Gerð verður grein fyrir fjölgun íbúða, sbr. fyrri áfangi uppbyggingar, á svæðinu í næstu endurskoðun þróunaráætlunar svæðisskipulagsins. Við

Þróun byggðar er tekið mið af gildandi deiliskipulagi Reykjavíkurlflugvallar og skipulagsreglum flugvallarins og stefna um hæðir húsa á svæðinu tekur mið af hindrunarflötum flugvallar í Vatnsmýri. Við mótnun og formun landfyllingar verður leitast við að lágmarka áhrif á leirur, sem verndaðar eru sbr. 61. grein náttúruverndarlaga og reynt að tryggja að „náttúruleg“ fjara endurheimtist með tímanum, að framkvæmdatíma loknum.

6 Afgreiðslu- og kynningarferli

Verklýsing aðalskipulagsbreytingar vegna stefnu um íbúðarbyggð, var samþykkt í borgarráði þann 20. júní 2019. Aðalskipulagsbreyting sem hér er kynnt eru grundvölluð á henni en tillagan nær einvörðungu til skipulags byggðar í Skerjafirði, eins og vikið er að í inngangi.

Drög að tillögum voru kynnt í skipulags- og samgönguráði 3. júní sl. og í framhaldinu kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Drögin voru send til valdra umsagnaraðila (sjá hér að neðan), auglýst í fjölmiðli, kynnt á vefnum og á opnum fundi (streymisfundi), ásamt drögum að deiliskipulagstillögu þann 3. júní. Drögin voru lögð fram í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins þann 19. júní sl.

Framkomnar umsagnir á vinnlustigi leiddu ekki til breytinga á aðalskipulagstillögum. Margar athugasemdir sem koma fram í umsögnum varða nánari útfærslu í deiliskipulagi. Ákveðnar athugasemdir koma frá Náttúrufræðistofnun og Hafrannsóknarstofnu vegna umhverfisáhrifa fyrirhugaðrar landfyllingar á náttúrulega fjöru, sbr. einnig niðurstöður meðfylgjandi umhverfisskýrsla (sjá 4. kafli). Allar umsagnir voru lagðar fram á ný við lokaafgreiðslu tillögunnar, þ.m.t. athugasemdir Skipulagsstofnunar dagsettar 31. ágúst 2020, ásamt athugasemdum sem berast á formlegum auglýsingatíma.

Auglýst tillaga var í öllum megin atriðum í samræmi við þau drög sem voru kynnt. Þó var skilgreiningu hverfiskjarna breytt, þannig að hann fær skilgreininguna verslunar- og þjónustusvæði í stað miðsvæðis. Tillagan var auglýst á tímabilinu frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020. Deiliskipulag 1. áfanga uppbyggingar á svæðinu var auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Tillagan var einnig auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunar, dagsettar 31. ágúst 2020.

Afgreiðsla breytingar:

Formlegar athugasemdir og umsagnir leiða ekki til efnislegra breytinga á auglýstri aðalskipulagstillögu (sjá nánar í Viðauka). Hinsvegar er settur fyrirvari vegna yfirstandandi mats á framkvæmdum við landfyllingu og áhrifa hennar á svæði sem skilgreind eru með verndargildi skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Sjá kort á næstu síðu er sýnir afmörkun svæða með verndargildi skv. 61 gr. sem fyrirvarinn tekur sérstaklega til:

Ekki verður farið í skipulagsvinnu við síðari áfanga uppbyggingar í Skerjafirði, þ.e. útfærslu deiliskipulags fyrr en yfirstandandi umhverfismatsferli framkvæmdar við landfyllingu er lokið. Það er ljóst að endanleg niðurstaða úr matsferlinu getur leitt til þess að gera þurfi á ný breytingu á aðalskipulaginu, vegna frekari minnkunar landfyllingar eða breyttrar afmörkunar hennar. Umhverfismat framkvæmdarinnar mun leiða í ljós hvaða mótvægisáðgerðir þarf að grípa til og frekari upplýsingar um hvernig skal standa að hönnun og afmörkun fyllingar svo lífríki og „náttúruleg“ strönd verði endurheimt.



4. mynd. Áformuð landfylling og kortlagning svæða með verndargildi skv. 61. gr. náttúruverndarlaga (einkum vistgerði F.1.3, F.2.3. og F.2.4). Settur er neðangreindur fyrirvari við þann hluta fyllingar sem er innan punktalínu. Syðsti hluti áformaðrar landfyllingar, samsíða N-S braut, er á svæði sem hefur óverulegt verndargildi en þar er strönd manngerð, mynduð af nýlegri landfyllingu: „Ekki verður farið í skipulagsvinnu við síðari áfanga uppbyggingar í Skerjafirði, þ.e. útfærslu deiliskipulags fyrir en yfirstandandi umhverfismatsferli framkvæmdar við landfyllingu er lokið. Það er ljóst að endanleg niðurstaða úr matsferlinu getur leitt til þess að gera þurfi á ný breytingu á aðalskipulaginu, vegna frekari minnkunar landfyllingar eða breyttrar afmörkunar hennar. Umhverfismat framkvæmdarinnar mun leiða í ljós hvaða mótvægisáðgerðir þarf að grípa til og frekari upplýsingar um hvernig skal standa að hönnun og afmörkun fyllingar svo lífríki og „náttúruleg“ strönd verði endurheimt.“

Eftirtaldir voru skilgreindir sem sérstakir hagaðilar í vinnsluferli aðalskipulagsbreytingar:

Skipulagsstofnun
 Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
 Kópavogsbær
 Garðabær
 Hafnarfjarðarkaupstaður
 Seltjarnarneskaupstaður
 Mosfellsbær
 Kjósarhreppur
 Önnur nágrennsveitarfélög
 Umhverfisstofnun
 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
 Minjastofnun Íslands
 Vegagerðin
 Samgöngustofa
 Isavia
 Náttúrufræðistofnun
 Hafrannsóknarstofnun

Orkustofnun
Veðurstofan
Veitur
Borgarsögusafn
Skóla-og frístundasvið/ráð
Skóla-og frístundasvið
Umhverfis- og heilbrigðisráð
Íbúaráð Vesturbæjar
Íbúasamtök Vesturbæjar
Íbúasamtök Skerjafjarðar - Prýðisfélagið Skjöldur

7 Viðauki

Umsagnir og athugasemdir:

Fylgiskjal (sjá adalskipulag.is):

ASK-arkitektar, Efla & Landslag (2018): *Skerjafjörður. Rammaskipulag. Greinargerð og leiðarljós.*
Unnið fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, dagsett 15. maí 2018.



Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur

Reykjavík, 11. desember 2020

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Nýi Skerjafjörður. Fjölgun íbúða, staðsetning nýs skóla, breytt landnotkun og minnkað umfang landfyllingar í Skerjafirði. Umsögn um athugasemdir og afgreiðsla.

Samþykkt að vísa aðalskipulagsbreytingu og umsögn um athugasemdir til afgreiðslu í borgarráði, sbr. 1. og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga.

Aðalskipulagstillagan:

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 2. júlí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Tillagan var auglýst á tímabilinu frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020.

Breytingartillagan nær til landsvæðis vestan núverandi íbúðarbyggðar í Skerjafirði og varðar meðal annars breytta landnotkun, fjölgun íbúða, breytta legu stíga og breytt umfang fyrirhugaðrar landfyllingar. Deiliskipulag 1. áfanga uppbyggingar á svæðinu var auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Tillagan var einnig auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunar, dagsettar 31. ágúst 2020.

Eftirtaldir gerðu athugasemdir við skipulagstillögurnar (í tímaröð):

1) Mosfellsbær dags. 28. september 2020; 2) Kópavogsbær dags. 8. október 2020; 3) Seltjarnarnesbær dags. 15. október 2020; 4) Vegagerðin dags. 15. október 2020; 5) Umhverfisstofnun dags. 16. október 2020; 6) Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 21. október 2020; 7) Eyjólfur Gunnarsson, Margrét Gunnarsdóttir, Gunnar Trausti Eyjólfsson, Atli Már Eyjólfsson og Magnús Daði Eyjólfsson dags. 27. október 2020; 8) Anna S. Haraldsdóttir dags. 28. október 2020; Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 28. október 2020; 9) Hildur Hjartardóttir og Sigurður Jens Sæmundsson dags. 28. október 2020; 10) Jens Pétur Jensen dags. 28. október 2020; 11) Guðjón Haraldsson dags. 28. október 2020; 12) Daníel B. Sigurgeirsson, Elín Björk Jónasdóttir, Sigurdís Björg Jónasdóttir og Birgir Arnór Birgisson dags. 28. október 2020; 13) Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir dags. 28. október 2020; 14) Sigríður Ragna Sigurðardóttir dags. 28. október 2020.

Einnig er lögð fram athugasemd frá Prýðifélaginu Skildi sem dagsett er 27. nóvember og var send inn vegna annarrar breytingar á aðalskipulaginu (sjá stefna um íbúðarbyggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040), þar sem mótmælt er fyrirhugaðri uppbyggingu og landfyllingu, sbr. einnig athugasemd við auglýsta deiliskipulagstillögu. Ennfremur eru lagðar fram umsagnir frá opinberum aðilum sem bárust á fyrri og síðari stigum vinnunnar.

Samantekt:

Tilgangur breytinga er að uppfæra aðalskipulag Reykjavíkur í takti við þá sýn sem sett er fram í samþykktu rammaskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð og tryggja uppbyggingu húsnæðis í samræmi við fyrsta áfanga deiliskipulags fyrir svæðið. Megin markmið aðalskipulagsins og breytingartillagna er að skapa sjálfbært íbúðarhverfi í Skerjafirði sem er með grænu yfirbragði; hverfi sem er vel tengt við nálæga atvinnukjarna og háskóla með öruggum og vistvænum samgönguinnviðum. Markmiðið er einnig skapa forsendur fyrir grunnskóla og öflugan hverfiskjarna í hverfinu. Markmiðið er að byggðin verði þróuð í sem mestri sátt við núverandi útivist, umhverfi og náttúru. Uppbyggingin er í samræmi við megin markmið aðalskipulagsins um bættu nýtingu svæða innan borgarinnar sbr. markmið um uppbyggingu þéttar og blandaðrar byggðar, sjálfbæra borgarþróun og bættan borgarbrag. Uppbyggingin styður einnig við markmið um aukið framboð íbúðarhúsnæðis og fjölbreytta búsetukosta, í samræmi húsnæðisstefnu aðalskipulags og Húsnæðisáætlun borgarinnar.

Tillögur að breytingum fela einkum í sér að dregið verulega úr umfangi fyrirhugaðrar landfyllingar og er afmörkun hennar færð út fyrir skilgreint hverfisverndarsvæði við Ægisíðu. Rúmgóð skólalóð er skilgreind og færð nær ströndinni. Íbúðarbyggðin stækkar á kostnað áður skilgreindra miðsvæða, sem felur í sér allnokkra fjölgun íbúða, en fyrst og fremst á kostnað atvinnuhúsnæðis sem annars hefði risið. Fjölgun íbúðanna miðar að því að skapa grundvöll að sjálfstæðu skólaverfi og öflugum hverfiskjarna í Skerjafirði sem þjónar hinni nýju byggð og þeirri byggð sem er til staðar.

Stærsti hluti athugasemda snúa að áformum um landfyllingu á viðkvæmu strandsvæði sem hefur bæði náttúruverndar- og útivistargildi. Einnig eru gerðar athugasemdir við umfang uppbyggingar og áhrif hennar á umferð, ekki síst aukna umferð á Einarsnesi.

Í megin atriðum eru viðbrögð við athugasemdum að setja skýrari fyrirvara við áformaða landfyllingu og ekki verði farið í frekari undirbúningi skipulags á síðari áfanga byggðar í Skerjafjarðar fyrr en niðurstöður úr mati á umhverfisáhrifum minnkaðrar fyllingar liggja fyrir.

Yfirlit athugasemda og viðbrögð við þeim:

Nr.	Aðili:	Inntak athugasemdar	Svar	Viðbrögð
1	Umhverfisstofnun, dagsett 16. október	Umhverfisstofnun gerir verulegar athugasemdir við áformaða landfyllingu og telja að skipuleggja eigi byggð á svæðinu þannig að sem allra minnst rökun verði á náttúrulegri strandlengju. Minnt er á að Skerjafjörður er skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og er á tillögulista Náttúrufræðistofnunar um svæði sem verði sett á B-lista Náttúruminjarskrár. Einnig er minnt á að Álfanes-Skerjafjörður var á náttúruverndaráætlun 2004, þar sem Alþingi mótaði stefnu um að unnið skyldi að friðlýsingu svæðisins. Bent er á að leirur sem eru m.a. þar sem áformuð landfylling er, njóta almennrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Áréttað er að færa þurfi sterk rök fyrir því að raska slíkum minjum og hvaða valkostur aðrir hafi verið til skoðunar til að forðast slíkt rask. Minnt er á áformaða vinnu við vatnaáætlun sem hefst á næsta ári, sbr. lög nr. 36/2011 og tekur sú áætlanagerð til Skerjafjarðar. Bent er á mikilvægi þess að skoða umhverfisáhrif allra framkvæmda í Skerjafirði í samhengi. Umhverfisstofnun setur einnig fram ábendingar um gildandi lög og reglugerðir vegna varps efna í haf.	Markmið um verndun náttúrusvæða í Skerjafirði hafa lengi legið fyrir og hefur Reykjavíkurborg tekið undir þau í sinni stefnumörkun með margvíslegum hætti. Það er einnig ljóst að aðeins hluti svæðisins er ósnortin náttúrusvæði og nálægð þéttbýlis og mannvirkja og náttúrusvæða er mikil. Það er því mikilvægt að skapa gott samspil byggðar og vernd náttúrunnar. Breytingartillögur miða að því að áður áformuð landfylling verði minnkuð úr um 6,6 ha í 4,3 ha. Markmiðið er einnig að möguleg landfylling verði mótuð og aðlöguð að náttúrulegu umhverfi eins og kostur er og ekki verði sköpuð sköpp skil milli landfyllingar og strandsjávar, eins og fyrri hugmyndir gengu út frá. Náttúrulegri strönd innan hverfisverndarsvæðis verður með breytingum hlíf, en þó gert ráð fyrir framkvæmdum vegna mögulegrar smábátahafnar þar. Í skipulagsvinnunni er höfuðáhersla lögð á að endurheimta "náttúrulega" strönd og endurvekja það útivistarsvæði sem er fyrir, eilítið utar í firðinum. Með því er tryggt nánara samspil byggðar, strandsvæða og náttúru, heldur en þekkest í eldri "bryggjuhverfum" sem hafa verið byggð undanfarna áratugi á höfuðborgarsvæðinu.	Settur er eftirfarandi fyrirvari vegna stærðar og afmörkunar breyttrar landfyllingar: „Ekki verður farið í skipulagsvinnu við síðari áfanga uppbyggingar í Skerjafirði, þ.e. útfærslu deiliskipulags fyrr en yfirstandandi umhverfismatsferli framkvæmdar við landfyllingu er lokið. Það er ljóst að endanleg niðurstaða úr matsferlinu getur leitt til þess að gera þurfi á ný breytingu á aðalskipulaginu, vegna frekari minnkunar landfyllingar eða breyttrar afmörkunar hennar. Umhverfismat framkvæmdarinnar mun leiða í ljós hvaða mótvægisáðgerðir þarf að grípa til og frekari upplýsingar um hvernig skal standa að hönnun og afmörkun fyllingar svo lífríki og „náttúruleg“ strönd verði endurheimt.“
2	Náttúrufræðistofnun, dagsett 2. október	Gerðar eru verulegar athugasemdir við áformaða landfyllingu í Skerjafirði og gagnrýnt að svæði með mikið	Sama svar og við athugasemd Umhverfisstofnunar hér að ofan.	Sjá hér að ofan

		náttúruverndargildi sé nýtt til þéttingar byggðar og að aðrir valkostur hljóti að koma til greina til að ná fram settum markmiðum. Einnig er minnt á samlegð umhverfisáhrifa vegna annarra framkvæmda í Skerjafirði og Fossvogi.	
3	Anna S. Haraldsdóttir, Skildinganesi 34, dagsett 28. október	Mótmælt er áformum um landfyllingu og tekið undir sjónarmið Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar	Sjá hér að ofan, svar til Umhverfisstofnunar
4	Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, Reykjavíkurvegi 35, dagsett 28. október	Mótmælt er áformum um landfyllingu og bent á neikvæð umhverfisáhrif hennar	Sjá hér að ofan, svar til Umhverfisstofnunar
5	Guðjón B. Haraldsson, Einarsnesi 14, dagsett 28. október	Mótmælt er áformum um landfyllingu og bent á neikvæð umhverfisáhrif hennar	Sjá hér að ofan, svar til Umhverfisstofnunar
6	Jens Pétur Jensen, Bauganesi 8, dagsett 28. október	Mótmælt er áformum um landfyllingu og bent á neikvæð umhverfisáhrif hennar	Sjá hér að ofan, svar til Umhverfisstofnunar
7	Hildur Hjartardóttir og Sigurður Jens Sæmundsson, Bauganesi 29a, dagsett 28. október	Mótmælt er áformum um landfyllingu og bent á neikvæð umhverfisáhrif hennar. Einnig er hvatt til þess að gert sé ráð fyrir samkomuhúsi í hinu nýja hverfi og einnig bent á að það vanti battavöll í hverfið.	Sjá hér að ofan, svar til Umhverfisstofnunar. Ábendingin vísað til deiliskipulagsgerðar.
8	Eyjólfur Gunnarsson, Margrét Gunnarsdóttir, Gunnar Trausti Eyjólfsson, Atli Már Eyjólfsson, Magnús Daði Eyjólfsson, Bauganesi 27a, dagsett 27. október.	Mótmælt er fyrirhugaðri uppbyggingu og landfyllingu. Þéttleiki byggðar er talin allt of mikill og það mun leiða til of mikils umferðarþunga. Einnig er hvatt til þess að staðinn verði vörður um flugvöllinn og ekki tímabært að þrengja að honum.	Sjá um landfyllingu í svari til Umhverfisstofnunar hér að ofan. Ný byggð mun vissulega leiða til aukinnar umferðar, sjá nánar afgreiðslu deiliskipulagsbreytingar. Í samhengi aðalskipulagsins þá er ekki verið að auka heildarbyggingarmagn á svæðinu nema óverulega, frá gildandi stefnu. Nýting svæðisins er í samræmi við samkomulag við ríkisvaldið um nýtingu svæða í grennd við flugvöllinn.
9	Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Skildinganesi 48, dagsett, 28. október	Umfangi nýrrar byggðar mótmælt og sérstaklega áhrifum landfyllingar á fjöru með verndargildi. Bent á að ekki nýtist fyllingarefni frá Landspítalalöð í fyrirhugaða landfyllingu. Einnig er lýst yfir áhyggjum vegna áhrif uppbyggingar á umferð.	Vegna áhrifa landfyllingar er vísað til svara við athugasemdir Umhverfisstofnunar. Rangleg er sagt í gögnum að fyllingarefni komi frá Landspítalalöð. Gerð er grein fyrir efnistöku vegna landfyllingar í yfirstandandi framkvæmdamati. Breytingartillögur hafa ekki áhrif á staðsetningu dælustöðvar. Heildarbyggingarmagn á svæðinu eykst aðeins óverulega miðað við heimildir í gildandi aðalskipulagi. Því leiðir breytingin vart nema til óverulegar aukningar á umferð, miðað við það sem annars hefði orðið. Nánar um áhrif umferðar í afgreiðslu deiliskipulagstillögu.
10	Daníel B. Sigurgeirsson, Elín Björk Jónsdóttir, Sigurdís B. Jónasdóttir, Birgir Arnór Birgison, Einarsnesi 76, dagsett 28. október	Mótmælt er að Einarsnesið verði nýtt sem umferðarleið á framkvæmdatíma, þar til nýr framkvæmdavegur kemur. Lýst er yfir áhyggjum vegna aukinnar umferðar á Einarsnesi vegna nýrrar byggðar og ekki liggi fyrir skýrar hugmyndir um endurbætur á götunni. Gagnrýnt er að ekki sé betur staðið að kynningu uppbyggingar.	Vísað til afgreiðslu deiliskipulagstillögu.
11	Prýðifélagið Skjöldur, Anna Bender, formaður, dagsett 27. nóvember	Gerðar eru athugasemdir við fyrirhugaða byggð og að gengið sé á náttúrulega fjöru sem hefur verndargildi. Gagnrýnt er að samráði og upplýsingagjöf hafi verið ábótavant í skipulagsferlinu. Gerðar eru athugasemdir hversu mikið byggingarmagn hefur aukist á svæðinu miðað við áætlanir í eldra aðalskipulagi (AR2001-2024) og lýst yfir áhyggjum af aukinni umferð. Landfyllingu er sérstaklega mótmælt og tekið undir sjónarmið Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar og fyrri athugasemdir Hafrannsóknarstofnunar. Einnig er tekið undir athugasemdir	Það er rétt að byggingarmagn samkvæmt gildandi aðalskipulagi (AR2010-2030) er allnokkuð meira en ráðgert var í eldra aðalskipulagi (AR2001-2024). Þær breytingartillögur sem nú eru auglýstar, boða hins vegar aðeins óverulega breytingu heildarbyggingarmagni, þar sem íbúðum er fjölgað á kostnað atvinnuhúsnæðis. Markmiðið með breytingum, eins og kemur fram í samantekt að framan, er að styrkja Skerjafjörð sem heilsteypt hverfi sem getur staðið undir rekstri grunnskóla og hverfiskjarna. Nálægð við grunnskóla og matvörubúð ætti að gera

		Heilbrigðiseftirlits um mengaðan jarðveg. Ennfremur er tekið undir framkomnar umsagnir flugmálafyrivalda varðandi öryggo og rekstaröryggi flugvallarins. Bent er á markmið aðalskipulags um aðgengi að útivistarsvæðum og náttúrusvæðum, sbr. einnig ný markmið í drögum að AR til 2040, og að fyrirhuguð uppbygging samræmist ekki þeim markmiðum	núverandi hverfi að enn meira aðlaðandi búsetukosti. Þá er markmið breytinganna að efla útivistarmögulega og markmiðið að þau útivistarsvæði sem verða fyrir raski á framkvæmdatíma verði öll endurheimt. Vísað er til svara að framan við athugasemd Umhverfisstofnunar, vegna landfyllingar og athugasemd Heilbrigðiseftirlits. Að öðru leyti vísað til svara vegna deiliskipulagsbreytingar.	
12	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, dagsett 21. október	Bent er á að skólalóð nær yfir svæði þar sem staðfest hefur verið að olíumengun finnist í jarðvegi. Vegna þess þarf að setja fram strangari skilmála en ella um hreinsun og jarðvegskipti. Einnig er minnt á að gæta þurfi vel að áhrifum á lífríki vegna landfyllingar og nálægðar við verndarsvæði.	Sjá afgreiðslu deiliskipulagsbreytingar og setta skilmála í deiliskipulagi. Að öðru leyti sjá svör vegna athugasemdar Umhverfisstofnunar	Varðar skilmála í deiliskipulagi, einkum vegna skólalóðar.
13	Vegagerðin, dagsett 15. október	Vegagerðin kallar á nánara samgöngumat í tengslum við breytinguna, m.a. áhrif á nærliggjandi þjóðvegi og að nánari grein sé gerð fyrir tilækum innviðum fyrir hvern ferðamáta.	Heildarbyggingarmagn á svæðinu eykst aðeins óverulega miðað við heimildir í gildandi aðalskipulagi. Því leiðir breytingin vart nema til óverulegar aukningar á umferð, miðað við það sem annars hefði orðið. Frekara samgöngumat og áhrif á umferð hefur verið unnið í tengslum við gerð deiliskipulags fyrsta áfanga uppbyggingar og er vísað til afgreiðslu þess.	Lögð eru fram frekari gögn um áhrif á umferð í gögnum deiliskipulags
14	Kópavogsbær, dagsett 8. október	Gerð er athugasemd við landfyllingu og uppbyggingu sem getur haft áhrif á dælustöð Skerjafjarðarveitu og lögn hennar sem liggur um fyrirhugað uppbyggingarsvæði.	Ekki stendur til að gera landfyllingu suður af dælustöðinni. Við frekari vinnslu skipulags á svæðinu var horfið frá slíkum og tillaga að breyttum skipulagsupprætti endurspeglar það. Tekið er fram að landfylling innan hverfisverndarsvæðis er felld út. Skýringarmynd nr. 3, bls.9 hefur einnig verið lagfærð til að á rétta það. Varðandi legu lagnar um uppbyggingarsvæðið, er vísað til afgreiðsu deiliskipulags.	Skýringarmynd nr. 3 lagfærð.
15	Seltjarnarnes, dagsett 15. október	Ekki gerðar athugasemdir		
16	Mosfellsbær, dagsett 28. september	Ekki gerðar athugasemdir		
17	Umhverfis- og heilbrigðisráð, dagsett 9. desember	Í umsögn skrifstofu umhverfisgæða er fjallað einkum um umhverfisáhrif landfyllingar og mikilvægi þess að standa vel að umhverfismati landfyllingar. Skrifstofan hefur þegar gefið umsögn inni matsferli framkvæmdar við landfyllingu.	Umsögn kallar ekki á sérstök viðbrögð. Tekið er undir það sem þar kemur fram, sbr. tillaga að fyrirvara hér til hliðar.	Settur er eftirfarandi fyrirvari vegna stærðar og afmörkunar breyttrar landfyllingar: „Ekki verður farið í skipulagsvinnu við síðari áfanga uppbyggingar í Skerjafirði, þ.e. útfærslu deiliskipulags fyrr en yfirstandandi umhverfismatsferli framkvæmdar við landfyllingu er lokið. Það er ljóst að endanleg niðurstaða úr matsferlinu getur leitt til þess að gera þurfi á ný breytingu á aðalskipulaginu, vegna frekari minnkunar landfyllingar eða breyttrar afmörkunar hennar... Umhverfismat framkvæmdarinnar mun leiða í ljós hvaða mótvægisáðgerðir þarf að grípa til og frekari upplýsingar um hvernig skal standa að hönnun og afmörkun fyllingar svo lífríki og „náttúruleg“ strönd verði endurheimt.“

Afgreiðsla breytingar:

Formlegar athugasemdir og umsagnir leiða ekki til efnislegra breytinga frá auglýstri aðalskipulagstillögu. Hinsvegar er settur skýr fyrirvari vegna yfirstandi mats á framkvæmdum við landfyllingu og áhrifa hennar á svæði sem skilgreind eru með verndargildi skv. 61. gr.

náttúruverndarlaga (sbr. ný skýringarmynd í greinargerð):

„Ekki verður farið í skipulagsvinnu við síðari áfanga uppbyggingar í Skerjafirði, þ.e. útfærslu deiliskipulags fyrr en yfirstandandi umhverfismatsferli framkvæmdar við landfyllingu er lokið. Það er ljóst að endanleg niðurstaða úr matsferlinu getur leitt til þess að gera þurfi á ný breytingu á aðalskipulaginu, vegna frekari minnkunar landfyllingar eða breyttrar afmörkunar hennar. Umhverfismat framkvæmdarinnar mun leiða í ljós hvaða mótvægisáðgerðir þarf að grípa til og frekari upplýsingar um hvernig skal standa að hönnun og afmörkun fyllingar svo lífríki og „náttúruleg“ strönd verði endurheimt.“

Haraldur Sigurðsson

Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Mosfellsbær, 28. september 2020
erindi nr. 202006068/19.2 KP

Efni: Afgreiðsla skipulagsnefndar vegna erindis yðar

Á 523. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 28.9.2020, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:

Nýi Skerjafjörður - drög að tillögu

Borist hefur erindi frá Reykjavíkurborg, dags. 16.09.2020, með ósk um athugasemdir við auglýstri tillögu vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkurborgar 2010-2030 vegna breytinga á landnotkun og fjölgun íbúða í Skerjafirði. Athugasemdafrestur er til 28.10.2020.

Drög sömu tillögu voru tekin fyrir á 519. fundi nefndarinnar.

Lagt fram og kynnt. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við erindi Reykjavíkurborgar.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar



Kristinn Pálsson,
Skipulagsfulltrúi

Málsaðili ber sjálf/ur ábyrgð á því að kynna sér hugsanlegan kostnað afgreiðslu erindis á heimasíðu sveitarfélagsins: www.mos.is/gjaldskrar

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.





Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Kópavogi, 8. október 2020
2006264/510.02 BÓK

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Nýi Skerjafjörður.

Á fundi skipulagsráðs 5. október 2020 var lagt fram erindi Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 16. september 2020 þar sem kynnt er tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 2. júlí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breytingartillagan nær til landsvæðis austan núverandi íbúðarbyggðar í Skerjafirði og varðar meðal annars breytta landnotkun, fjölgun íbúða, breytta legu stíga og breytt umfang fyrirhugaðrar landfyllingar. Í meginatriðum felst breytingin í því að landfylling er minnkuð um rúma 2 ha og lagt til að hún verði fornuð og aðlöguð eins og kostur er að hinni náttúrulegu strandlengju. Heimildir um fjölda íbúða er hækkaður úr 800 íbúðum í 1300, m.a. til að skapa tryggari grunn að sjálfstæðu skólahverfi.

Skipulagsráð Kópavogs bókar: Í kynntri tillögu að breyttu Aðalskipulagið Reykjavíkur 2010-2030, Nýi Skerjafjörður er gert ráð fyrir fyllingu út fyrir dælustöð Skerjafjarðarveitu. Það mun þýða að annaðhvort þurfi að færa dælustöðina og lagnir henni tengdar eða lengja yfirfallslögn lengra út í Skerjafjörð. Enn fremur er í tillögunni gert ráð fyrir verslunar- og þjónustukjarna og íbúabyggð með 2ja til 5 hæða húsum sem gera má ráð fyrir að verði með bílastæðakjallara, þar sem núverandi lögn Skerjafjarðarveitu liggur. Kópavogsbær setur það sem skilyrði að færsla eða breytingar á lögn eða öðrum mannvirkjum tengt Skerjafjarðaveitu verði að öllu leiti kostaðar af Reykjavíkurborg og ekki af þeim aðilum sem standa að Skerjafjarðarveitu.

Virðingarfyllt,
fh. skipulagsstjóra

Berglind Kjartansd.
Berglind Ósk Kjartansdóttir
Ritari

Frá: Margrét Harðardóttir <margret.hardardottir@seltjarnarnes.is>

Sent: fimmtudagur, 15. október 2020 10:09

Til: Haraldur Sigurðsson <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>

Efni: Re: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Tillaga ásamt umhverfisskýrslu

Sæll Haraldur

Miðvikudaginn 14. október 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Seltjarnarness saman til fjarfundar.

Mættir voru: Ásgerður Halldórsdóttir (ÁH), Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Bjarni Torfi Álfþórsson (BTÁ), Karl Pétur Jónsson (KPJ), Guðmundur Ari Sigurjónsson (GAS) og Sigurþóra Bergsdóttir (SB).

2. Mál nr. 2020090158

Heiti máls: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Tillaga ásamt umhverfisskýrslu.

Lýsing: Lögð fram tillaga ásamt umhverfisskýrslu.

Afgreiðsla: Nefndin gerir ekki athugasemd við tillögu að aðalskipulagsbreytingunni.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða afgreiðslu Skipulags- og umferðarnefndar.

f.h. skipulags- og byggingarfulltrúa

Virðingarfyllst,
Margrét Harðardóttir

Bæjarskrifstofur Seltjarnarness
Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes
Sími: 595 9100
Netfang: margret.hardardottir@seltjarnarnes.is

Fyrirvari/Disclaimer: <http://www.seltjarnarnes.is/tolvupostur/>

skipulag@reykjavik.is



Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Nýi Skerjafjörður. Breytt landnotkun. Breytingar á byggingarmagni. Stígar og umferðartengingar. Umfang landfyllingar minnkað. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi.

Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu að aðalskipulagsbreytingu í Reykjavík vegna fyrirhugaðrar byggðar í nýjum Skerjafirði.

Í greinargerð kemur fram að framlögð tillaga hafi jákvæð áhrif á samgöngur og ferðavenjur. Þjónusta hverfisins samanstendur af grunnskóla, leikskóla og þjónustukjarna. Aðra þjónustu þurfa íbúar að sækja utan hverfis.

Óskað er eftir nánara samgöngumati í tengslum við breytinguna. Tilgreina þarf fjölda viðbótar ferða og áætlaða skiptingu þeirra á mismunandi ferðamáta. Þá væri æskilegt að gera betur grein fyrir tiltækum innviðum fyrir hvern ferðamáta og tilgreina sérstaklega ef þörf er á úrbótum fyrir hvern þeirra svo sem fyrir hjólandi, akandi, gangandi eða almenningsvagna. Sérstaklega þarf að meta áhrif byggðarinnar á nærliggjandi þjóðvegi.

Síða 1 / 1

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Erna Bára Hreinsdóttir
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Reykjavíkurborg
Haraldur Sigurðsson
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 16. október 2020
UST202009-181/A.B.
10.04.02

Efni: : Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 - 2030 – Skerjafjörður

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkur er barst 17. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030 fyrir Skerjafjörð.

Í greinargerð kemur fram að breytingin á aðalskipulaginu gengur út á að landfylling er minnkuð um rúma 2 ha (úr 6,6 ha í 4,3 ha) og lagt til að hún verði formuð og aðlöguð eins og kostur er að hinni náttúrulegu strandlengju. Auk þess kemur fram að heimildum um fjölda íbúða er fjölgað úr 800 íbúðum í 1300, m.a. til að skapa tryggari grunn að sjálfstæðu skólahverfi. Hluti svæðisins, um 25% af skipulagssvæðinu, er landfylling á náttúrulegri fjöru.

Verndarsvæði

Í greinargerð kemur fram að svæðið, sem tillagan nær til, er skilgreint sem alþjóðlegt mikilvægt fuglasvæði, FG-V 2 Álftanes-Skerjafjörður, og Skerjafjörður er eitt þeirra svæða sem Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að verði sett á B-hluta náttúruvinnjaskrár. Auk þess kemur fram að samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta leirurnar, sem tillagan nær til, sérstakrar verndar og þá hefur klóþangsklungur mjög hátt verndargildi samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Umhverfisstofnun bendir auk þess á að Álftanes-Skerjafjörður eru á náttúruverndaráætlun 2004-2008 þar sem Alþingi mótaði stefnu um að unnið skyldi að friðlýsingu svæðisins.

Neikvæð umhverfisáhrif

Í greinargerð kemur fram að umhverfisáhrif tillögunnar verða umtalsverð, en fyrirhuguð landfylling muni raska leirum sem falla undir 61. gr. um sérstaka vernd náttúruverndarlaga, auk þess kemur fram að landfyllingin mun hafa m.a. umtalsverð

umhverfisáhrif á fjörulíf og líffræðilega fjölbreytni og raska ríkulegu fuglalífi sem er í Skerjafirði. Einnig kemur fram í tillögunni að landfyllingin mun hafa neikvæð áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda að því leyti að þangbreiður, sem binda koldíoxíð, munu skerðast.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan takið mið af 1. gr. náttúruverndarlaga þar sem segir m.a. að markmið laganna sé að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega fjölbreytni. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn hnattrænum umhverfisbreytingum.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að tillagan muni raska leirunum sem falla undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga og bendir því Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á verndarsvæðinu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan fari eftir ákvæðum laganna.

Valkostagreining

Í greinargerð kemur fram að tillagan muni raska og valda verulegum umhverfisáhrifum á svæði sem er skilgreint sem mikilvægt búsvæði fyrir fugla og fellur undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Þétting byggðar

Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins er ein megin stefna þess þétting byggðar, umhverfisvæn og sjálfbær borgarþróun þar sem þétting byggðar er almennt talin hafa jákvæð áhrif á náttúrulegt umhverfi með bættri nýtingu á borgarlandi og veldur því að minna er gengið á óraskað svæði í útjaðri borga.

Tillagan gerir ráð fyrir raski á svæði sem hefur hátt verndargildi, sem er órsakað og er í jaðri borgarinnar og bendir Umhverfisstofnun því á mikilvægi þess að það komi fram hvernig tillagan sé í samræmi við megin stefnu aðalskipulagsins. Auk þess bendir stofnunin á mikilvægi þess að fjallað sé um aðra valkosti, s.s. staðsetningarkosti, og hvernig óraskaðar leirur, sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga, sem hafa hátt verndargildi hafa umfram aðra valkosti.



Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði framkvæmdar sem hér um ræðir er strandsjórinn en hann hefur vatnshlotsnúmerið 104-1302-C og nefnist Skerjafjörður undir stjórn vatnamála. Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðabætti og koma á kerfi til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Samlegðaráhrif

Umhverfisstofnun telur æskilegt að sammögnunaráhrif séu metin, þar sem tekið sé tillit til umhverfisáhrifa annarra framkvæmda í Skerjafjörðinum, sérstaklega framkvæmda við fyrirhugaða Fossvogsbrú.

Skerjafjörður innan bæjarmarka Kópavogs var friðlýstur sem búsvæði árið 2012. Markmiðið með friðlýsingu Skerjafjarðar er að vernda lífríki við ströndina, í fjöru og á grunnsævi, einkum og sér í lagi með tilliti til fugla. Jafnframt er það markmið að vernda útivistar- og fræðslugildi svæðisins sem felst í líffræðilegri fjölbreytni og samrýmist verndun búsvæða fugla. Umhverfisstofnun bendir á mikilvæði þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hinu friðlýsta svæði. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfsemi eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Landfylling

Í greinargerð kemur fram að samanlagt svæði, sem fer undir landfyllingu, er u.þ.b. 4,3 ha og er áætluð efnisþörf landfyllingar um 224.000 m³. Auk þess kemur fram að í landfyllinguna áformar Reykjavíkurborg að nýta efni sem fellur til við framkvæmdir við

Landspítala – Háskólasjúkrahús og efni frá öðrum þéttingarreitum í Reykjavík, vestan Elliðaána.

Miðað við framkvæmdalýsinguna verður um opna landfyllingu að ræða og því um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.


Umhverfisstofnun getur ekki veitt leyfi til varps í hafið vegna fyrirhugaðra framkvæmda nema sýnt verði fram á að efnið falli undir b-lið 9. gr., þ.e. að um sé að ræða náttúruleg, óvirk efni, og upplýsingar berist samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögnum að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, er háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur



Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. október 2020
Tilvísun: 2020090249/10.2

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Nýi Skerjafjörður - Fjölgun íbúða, staðsetning nýs skóla, breytt landnotkun og minnkað umfang landfyllingar í Skerjafirði

Vísað er til tölvubréfs deildarstjóra aðalskipulags dags. 16. september 2020 þar sem tilkynnt er að tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, Nýi Skerjafjörður - Fjölgun íbúða, staðsetning nýs skóla, breytt landnotkun og minnkað umfang landfyllingar í Skerjafirði, sé í auglýsingu og óskað ábendinga eða athugasemda. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið tillöguna og meðfylgjandi umhverfisskýrslu til umsagnar og gefur eftirfarandi umsögn.

HER vill benda á að við flutning staðsetningar á grunnskóla og meðfylgjandi lóð er farið nær því svæði sem staðfest hefur verið að er olíumengun í jarðvegi. Huga þarf að því að strangari kröfur þarf að gera til hreinsunar og jarðvegsskipta þegar um er að ræða starfsemi fyrir börn. Gera þarf ráð fyrir slíkum strangari skilyrðum í skipulagsskilmálum. HER vill einnig benda á að þar sem fyrirhuguð landfylling liggur að verndarsvæðum auk þess sem fyrirhuguð er að friðlýsa Skerjafjörð í heild sinni þarf að gæta vel að áhrifum á lífríki og gæta þess að áhrif á strauma og setflutninga sé í lágmarki.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Frá: Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is>

Sent: miðvikudagur, 28. október 2020 12:16

Til: Haraldur Sigurðsson <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>

Efni: Re: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Tillaga ásamt umhverfisskýrslu

Tilvísun í málsnr. 202009-0030 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Reykjavíkurborg, dags. 16. september sl., þar sem tilkynnt er um auglýsingu um aðalskipulagsbreytingu um Nýja Skerjafjörð og hagsmunaaðilum gefinn kostur á senda inn ábendingar og athugasemdir.

Náttúrufræðistofnun hefur komið að þessu máli á ýmsum stigum þess og nú síðast vegna tillögu að matsáætlun vegna landfyllingar í Skerjafirði, en sá hluti skipulagsins varðar hvað mest hlutverk stofnunarinnar. Meðfylgjandi er því umsögn Náttúrufræðistofnunar til Skipulagsstofnunar um matsáætlun fyrir landfyllingu í Skerjafirði dags. 2. október sl. Einnig eru meðfylgjandi tvær umsagnir Náttúrufræðistofnunar um sama mál frá 22. janúar sl. og 22. júní sl.

Með auglýsingu um framangreinda tillögu að aðalskipulagsbreytingu fylgir umsögn Skipulagsstofnunar um hana, dags. 31. ágúst sl. Þar, í kafla um landfyllinguna, er m.a. minnt sérstaklega á verndargildi Skerjafjarðar og að „Alþingi samþykkti árið 2004 að stefnt skuli að friðlýsingu fjöru og grunnsævis við Skerjafjörð og hefur Náttúrufræðistofnun áréttað þær hugmyndir í nýjum tillögum stofnunarinnar um að B-hluta Náttúruminjaskrár. Hafrannsóknarstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun hafa allar í umsögnum sínum til Reykjavíkurborgar undirstrikað verndargildi fjörunnar.“ Jafnframt segir í umsögn Skipulagsstofnunar: „Þá mælir stofnunin með að ekki verði gegnið frá endanlegri samþykkt aðalskipulagsbreytingarinnar og útfærslu deiliskipulags sem varða fjöruna, fyrr en framangreindu umhverfismati er lokið.“ Náttúrufræðistofnun tekur undir sjónarmið Skipulagsstofnunar um að ekki verði gengið frá samþykkt aðal- eða deiliskipulags fyrir fjöruna fyrr en mati á umhverfisáhrifum er lokið enda væri annað ekki í samræmi við tilgang matsins. Náttúrufræðistofnun vill ítreka verndargildi Skerjafjarðar. Og þó hér sé um lítinn hluta af strandlengjunni að ræða þá er enn og aftur minnt á, með hliðsjón af samlegðaráhrifum, að að búið er að skerða mikinn hluta fjörusvæða á höfuðborgarsvæðinu þ.m.t. í nágrenni fyrirhugaðrar landfyllingar.

Með vísan í framangreint og meðfylgjandi umsagnir telur Náttúrufræðistofnun að Reykjavíkurborg eigi að finna aðrar lausnir, fyrir skipulag á svæðinu, en þær sem byggja á umræddri landfyllingu.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Umsögn Náttúrufræðistofnunar til Skipulagsstofnunar dags. 2. október sl.:

„**From:** Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is>

Sent: 02 October 2020 12:06

To: Tinna Jónsdóttir <tinna@skipulag.is>; Egill Þórarinnsson <Egill@skipulag.is>

Subject: Landfylling í Nýja Skerjafirði - matsáætlun

Tilvísun í málsnr. 202009-0030 (TB)

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 14. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir landfyllingu í Skerjafirði, verkefni sem kallað er Nýi Skerjafjörður.

Í matsáætluninni í kafla 3. kemur fram að framkvæmdin eigi að uppfylla m.a. markmið í aðalskipulagi Reykjavíkur um þéttingu byggðar, þróunarsvæði Þ5 kallað Nýi Skerjafjörður. Svo virðist vera sem að forsendur fyrir þéttingu byggðar sé umrædd landfylling og aðeins gefinn einn valkostur. Einnig er bent á að þessi valkostur tengist öðrum framkvæmdum þ.m.t. byggingu Landspítalans, þ.e. þörf á að losa sig við efni. Náttúrufræðistofnun verður að benda á að þó eitt markmið í aðalskipulagi sé að þetta byggð þá eru mörg önnur markmið í aðalskipulaginu s.s. að vernda náttúru og stuðla að sjálfbærri þróun í Reykjavík o.s.frv., verða þau markmið ekki rakin frekar hér. Að mati Náttúrufræðistofnunar er það ekki ásættanlegt að landfylling í Skerjafirði sé eini valkosturinn fyrir þéttingu byggðar eða losun á efni. Það er því mat Náttúrufræðistofnunar að vel megi þetta byggð þó ekki sé um leið gengið enn frekar á fjörur og lífríki þeirra í Reykjavík. Ef markmið um þéttingu byggðar, Nýja Skerjafjarðar, er eyðilegging núverandi Skerjafjarðar þá þarf að hugsa skipulagmál á svæðinu og annarsstaðar upp á nýtt. Náttúrufræðistofnun gerir sér fulla grein fyrir því að umrædd landfylling er lítil hluti af Skerjafirði en það hefur í mörg undanfarin ár sífellt verið að bætast við skerðingar á fjörum á Höfuðborgarsvæðinu og því fyllsta ástæða til að skoða aðra möguleika á þéttingu byggðar eða losun á efni. Framangreind framsetning um markið og aðgerðir er allt of mikil einföldun á verkefninu.

Að öðru leiti telur Náttúrufræðistofnun, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í matsáætluninni sé gerð gein fyrir þeim náttúrufarsþáttum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu að undanskilinni jarðfræði svæðisins sem gera þarf grein fyrir.

Meðfylgjandi eru til upplýsingar tvær umsagnir Náttúrufræðistofnunar um sama mál frá 22. janúar sl. og 22. júní sl.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands“

From: "Haraldur Sigurðsson" <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>
To: "kjos@kjos.is" <'kjos@kjos.is'>; "kopavogur@kopavogur.is" <'kopavogur@kopavogur.is'>; "skipulag@kopavogur.is" <'skipulag@kopavogur.is'>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <'hafnarfjordur@hafnarfjordur.is'>; "mos@mos.is" <'mos@mos.is'>; "postur@seltjarnarnes.is" <'postur@seltjarnarnes.is'>; "gardabaer@gardabaer.is" <'gardabaer@gardabaer.is'>; "ssh@ssh.is" <'ssh@ssh.is'>; "olfus@olfus.is" <'olfus@olfus.is'>; "blaskogabyggd@blaskogabyggd.is" <'blaskogabyggd@blaskogabyggd.is'>; "hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is" <'hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is'>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Jón Kjartan Ágústsson" <jon@ssh.is>; "ssh@ssh.is" <'ssh@ssh.is'>; "postur@minjastofnun.is" <'postur@minjastofnun.is'>; "Guðbrandur Benediktsson" <gudbrandur.benediktsson@reykjavik.is>; "Anna Lísa Guðmundsdóttir" <anna.lisa.gudmundsdottir@reykjavik.is>; "veitur@veitur.is" <'veitur@veitur.is'>; "office@vedur.is" <'office@vedur.is'>; "SFS" <'sfs@reykjavik.is'>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <'samgongustofa@samgongustofa.is'>; "ust@ust.is" <'ust@ust.is'>; "Árny Sigurðardóttir" <arny.sigurdardottir@reykjavik.is>; "Gréta Mar Józepsdóttir" <Greta.Mar.Josepsdottir@reykjavik.is>; "Helgi Grimsson" <Helgi.Grimsson@reykjavik.is>; "hafogvatn@hafogvatn.is" <'hafogvatn@hafogvatn.is'>; "os@os.is" <'os@os.is'>; "Móttaka - NI" <'Mottaka@ni.is'>; "Íbúaráð Vesturbær" <ibuarad.vesturbaer@reykjavik.is>; "ibuasamtokvesturbaejar@gmail.com" <'ibuasamtokvesturbaejar@gmail.com'>; "ingunn.loftsdottir@isavia.is" <'ingunn.loftsdottir@isavia.is'>; "prydifelagidskjoldur@gmail.com" <'prydifelagidskjoldur@gmail.com'>; "shs@shs.is" <'shs@shs.is'>
CC: "Helena Stefánsdóttir" <Helena.Stefansdottir@reykjavik.is>; "Björn Axelsson" <bjorn.axelsson@reykjavik.is>; "Þuríður Guðmundsdóttir" <Thuridur.Gudmundsdottir@reykjavik.is>
Subject: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Tillaga ásamt umhverfisskýrslu
Date: 16.9.2020 08:35:09

Góðan daginn

Hér með tilkynnist að hafin er auglýsing á neðangreindri aðalskipulagsbreytingu:

Nýi Skerjafjörður

Fjölgun íbúða, staðsetning nýs skóla, breytt landnotkun og minnkað umfang landfyllingar í Skerjafirði

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 2. júlí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breytingartillagan nær til landsvæðis vestan núverandi íbúðarbyggðar í Skerjafirði og varðar meðal annars breytta landnotkun, fjölgun íbúða, breytta legu stíga og breytt umfang fyrirhugaðrar landfyllingar. Deiliskipulag 1. áfanga uppbyggingar á svæðinu er auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Tillagan er einnig auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunar, dagsettar 31. ágúst 2020.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b. Tillöguna má nálgast á reykjavik.is og adalskipulag.is

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 28. október 2020.** Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Bestu kveðjur

Haraldur Sigurðsson, skipulagsfræðingur (Msc.)
Deildarstjóri aðalskipulags
Umhverfis- og skipulagssviði
Reykjavíkurborgar

Sent til:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins
Kópavogsbær
Garðabær
Hafnarfjarðarkaupstaður
Seltjarnarneskaupstaður
Mosfellsbær
Kjósarhreppur
Önnur nágrannasveitarfélög
Umhverfisstofnun
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Minjastofnun Íslands
Vegagerðin
Samgöngustofa
Isavia
Náttúrufræðistofnun
Hafrannsóknarstofnun
Orkustofnun
Veðurstofan
Veitur
Borgarsögusafn
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Skóla- og frístundasvið/ráð
Skóla- og frístundasvið
Umhverfis- og heilbrigðisráð
Íbúaráð Vesturbæjar
Íbúasamtök Vesturbæjar
Íbúasamtök Skerjafjarðar - Prýðisfélagið Skjöldur

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



Til: "Jakob Gunnarsson" <jakob@skipulag.is>
Afrit: "Egill Þórarinnsson" <Egill@skipulag.is>
Efni: Fw: Landfylling og brú yfir Fossvog - beiðni um umsögn
Upplýsingar: Sent: 22.01.2020 13:28:54 af Trausti Baldursson, Málnumer: 2020010037, Málalyklar: 42-0 Umsagnir almennt

Tilvísun í mál: 2020010037

Vísað er til bréfs frá skipulagsstofnun, dags. 30. desember 2019, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um landfyllingu og brú yfir Fossvog og hvort framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum og þá hverjar forsendur væru fyrir því.

Staðsetning brúar yfir Fossvog er á milli tveggja landfyllinga sem hafa á síðustu áratugum þrengt mynni vogsins úr 570 metrum í 340 metra. Brú yfir voginn og landfyllingar sem tengjast henni munu því ekki rýra náttúrulegar strendur, beggja vegna Fossvogs, frekar en þegar er orðið. Kýrhamar virðist ekki vera innan framkvæmdasvæðisins en rétt við það. Kýrhamar er um 300 m frá náttúruvættinu (Fossvogsbakkar). Þar er jökulberg neðst svo kemur 5-6 m þykkt setlag. Neðst hvarfleur, þá lag af lítið lagskiptum dökkum sandi með miklu af skeljaleifum (t.d. smyrslingur, halloka og hrúðurkarl) og loks ljósari lagskiptur sandur með mól og einhverjum skeljaleifum. Nokkur skeljasýni úr Kýrhamri hafa verið aldursgreind (kolefnisgreiningar) og reyndust þau vera um 11.000 ára. (Sjá Árni Hjartarson 1989. The Ages of the Fossvogur Layers and the Álftanes End-Moraine, SW-Iceland. Jökull 39, 21-29.) Þó Kýrhamar sé ekki innan náttúruvættisins þá hefur hann fræðslu og vísindagildi og ætti tvímælalaust að halda þessu svæði öröskuðu.

Í tilkynningunni er komið inn á að flugvöllurinn víki fyrir byggð og m.a. er undirbúningur hafinn að stækkun hverfisins í Skerjafirði þar sem gert er ráð fyrir u.þ.b. 1200 nýjum íbúðum ásamt þjónustustarfsemi. Í þessu sambandi hafa m.a. verið kynntar hugmyndir um að gera landfyllingu vestan við flugvöllinn og vegtengingu að fyrirhugaðri brú. Fjaran og leiran vestan við flugbrautarendann er lítt röskuð með auðugu fuglalífi árið um kring. Landfylling fyrir vestan flugbrautina er ekki hluti af þessari framkvæmd sem hér er kynnt. Eðlilegast væri að fjalla um landfyllingu vestan við flugvöllinn sem hluta af framkvæmd við Fossvogbrúna enda þær tengdar samkvæmt fyrirbyggjandi skipulagshugmyndum um aukna íbúabyggð í Skerjafirði. Að mati Náttúrufræðistofnunar er landfylling vestan við flugvöllinn óþörf með öllu þegar og ef flugvöllurinn verður lagður niður. Landfylling þar mun raska (eyða) núverandi lífríki fjörunnar og þar með búsvæðum fugla og þannig vera í andstöðu við skipulag sem á að taka mið af sjálfbærri þróun og þar með vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Það er sífellt verið að ganga á fjörur við höfuðborgarsvæðið. Í tilkynningunni er ágætlega farið yfir verndarmarkmið/verndargildi á svæðinu, bls. 10, og einnig útivistargildi þess. Að mati Náttúrufræðistofnunar á að falla frá hugmyndum um landfyllingu vestan við flugbrautina og leysa skipulagsmál þar með öðrum hætti.

Lengd brúarinnar verður 270 metrar (brúarhafið) og landfyllingar um 0,74 ha. Í skýrslunni, bls. 26, kemur fram að full vatnsskipti verði tryggð í voginum og breytingar á straumum og áhrif á setflutning og botngerð verði óveruleg og að brúin eigi því ekki að hafa áhrif á leirusvæði innan í voginum. Einnig kemur fram að líklegt er að klóþang muni vaxa upp á nýjum landfyllingum en það fer m.a. eftir halla landfyllinganna hversu stórt búsvæði skapast í stað þess sem tapast.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun telur með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og mótvægisáðgerðum þ.e. í þessu tilfelli t.d. gerð brúarinnar. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar og miðað við staðsetningu og umfang framkvæmdarinnar og útfærslu brúarinnar telur Náttúrufræðistofnun ekki líklegt að hún valdi umtalsverðum umhverfisáhrifum á náttúrufarsþætti s.s. lífríki og jarðminjar á svæðinu. Töluverð áhrif verða á landslag. Fyrirhuguð framkvæmd er hluti af stærra verkefni/skipulagi en ætlunin er að tengja brúna til vesturs um Skerjafjörð. Þær fyllingar munu að öllum líkindum raska fjörum með hátt náttúruverndargildi. Það er því skoðun Náttúrufræðistofnunar að faglegra væri að meta heildaráhrif framkvæmda á þessu svæði en

áhrif einstakra afmarkaðra þátta.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Landfylling og brú yfir Fossvog - beiðni um umsögn

Málsnúmer: 2020010037

Númer skjals:

Skráð: 6. janúar 2020

Eigandi skjals: Anna Sveinsdóttir

Auðkenni

Efnisflokkur skjals:

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki: Skipulagsstofnun

Nafn: Jakob Gunnarsson

Vinnsla

Staða: Lokið

Geymslustaður skjals:

Landfylling og brú yfir Fossvog - beiðni um umsögn


Fylgigögn, 1 skýrsla (hjá TB): Brú yfir Fossvog. Greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. 17. desember 2019.

<https://drive.google.com/file/d/1M4NsFB9cDN0YxmA48X7igRiu2YOUaBfk/view>

Viðhengi:

[attachment "Landfylling og brú yfir Fossvog - beiðni um umsögn.pdf" deleted by Trausti Baldursson/NI.IS]

✉ Re: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Drög að tillögu

Búið til	22.6.2020 16:28:25
Höfundur	Trausti Baldursson
Sent	22.6.2020 16:28:24
Tilheyrir	 202006-0007 - Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Drög að tillögu

Efni

Re: Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Nýi Skerjafjörður. Drög að tillögu

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	22.6.2020 16:28:24	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Trausti Baldursson - NI (Trausti.Baldursson@ni.is)
Til	haraldur.sigurdsson@reykjavik.is
Cc	skipulag@reykjavik.is

Innihald

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Reykjavíkurborg, dags. 4. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 og varðar breytta landnotkun í Skerjafirði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreind drög að skipulagsbreytingu og tekur umsögn stofnunarinnar fyrst og fremst mið af hlutverki hennar hvað snertir náttúrufar og náttúruvernd. Það sem Náttúrufræðistofnun gerir fyrst og fremst athugasemd við er landfylling í Skerjafirði en aðrir hlutar tillögunnar eru fyrirhugaðir á þegar röskuðu svæði. Tillagan er sérstök að því leiti að eina svæðið innan hennar sem er svo til óraskað er fjaran, með auðugu fuglalífi allt árið um kring, en henni verður að stórum hluta eytt þó landfylling hafi verið minnkuð frá því sem áður var. Sjá einnig upplýsingar um tillögu um verndarsvæðið Álftanes – Skerjafjörður, sjá hér <https://www.ni.is/node/18023> (<https://www.ni.is/node/18023>) og hér <https://www.ni.is/node/16104> (<https://www.ni.is/node/16104>). Sífelld hefur verið að gengið á fjörur á höfuðborgarsvæðinu og hér er fyrirhugað að taka enn eitt svæðið undir byggð. Forsendur fyrir þéttingu byggðar, og þeirri hagkvæmni sem því getur fylgt, eiga ekki að byggjast á því að raska lífríkustu svæðum Reykjavíkur.

Náttúrufræðistofnun hefur áður gert athugasemdir við framangreindar fyriráætlanir í umsögnum stofnunarinnar við skipulagstillögur sem tengjast þessu svæði, sjá m.a. meðfylgjandi umögn í viðhengi.

Í umhverfismati í tillögunni kemur vissulega fram að tillagan er í alla staði talin neikvæði fyrir lífríki svæðisins og er hún því í raun í andstöðu bæði við lög um náttúruvernd og stefnu Reykjavíkurborgar. Það er því einkennilegt að forsendur fyrir skipulaginu eru þess eðlis að ekki er talið hægt að leysa það með öðrum hætti en að fara í landfyllingar.

Í texta með drögum að skipulaginu er að finna nokkur mótsagnakennd atriði. Á bls. 4 segir í texta með mynd: „.....þar sem gert er ráð fyrir mun minni fyllingu (um 4,3 ha) og aðlögun hennar að strandlengjunni, þar sem hin „náttúrulega“ strönd og leirur verða endurheimtar með tímanum. Gerð landfyllingar er forsenda þess að hægt verði að ráðast í síðari áfanga uppbyggingar á svæðinu.“ Í fyrsta lagi segir að strönd og leirur verði endurheimtar með tímanum. Þetta er ekki skýrt frekar en t.d. er erfitt að sjá að leirur myndist aftur á svæðinu.

Í öðru lagi eru hér gefnar „einhverjar“ forsendur sem gera það að verkum að landfyllingin er talin nauðsynleg. Þetta er svo sem ekki skýrt út frekar enda skiptir ekki öllu máli hverjar forsendurnar eru því þær hljóta að mótast af vilja þeirra sem taka ákvörðun um skipulagið en ekki t.d. af náttúrulegum eða landinu sjálfu. Landfyllingin er því ekki nauðsynleg heldur afleiðing af gefnum forsendum.

Á bls. 6 segir: „Að skapa sjálfbæra íbúðarbyggð í Skerjafirði með grænu yfirbragði sem er vel tengd við nálæga atvinnukjarna og háskóla með öruggum og vistvænum samgönguinnviðum. Að styrkja núverandi byggð í Skerjafirði og skapa forsendur fyrir grunnskóla og öflugan hverfiskjarna í hverfinu. Byggðin verði þróuð í sem mestri sátt við núverandi útivist, umhverfi og náttúru.“ Með sjálfbærri þróun er venjulega átt við að það haldist í hendur „æskileg“ félagleg- og efnahagsleg þróun í sátt við náttúruverndar og umhverfismál. Að mati Náttúrufræðistofnunar er ekki hægt að taka út einn þáttinn þ.e. náttúru svæðisins og fórna henni fyrir aðra þætti og tala svo um sjálfbæra íbúðarbyggð eða skipulag. Náttúra Skerjafjarðar, ef svo má að orði komast, á ekki að gjalda fyrir að ástæða þykir til þess að skipuleggja byggð við fjörðinn eða á flugvallarsvæðinu.

Á bls. 7 segir: „Í megin atriðum felst breytingin á aðalskipulaginu í því að landfylling er minnkuð um rúma 2 ha og lagt til að hún verði formuð og aðlöguð eins og kostur er að hinni náttúrulegu strandlengju. Heimildir um fjölda íbúða eru hækkaðar úr 800 íbúðum í 1300, m.a. til að skapa tryggari grunn að sjálfstæðu skólahverfi.“ Að forma og laga landfyllingar að strandlengju kemur ekki í veg fyrir eyðileggingu á leirum og fjörugróðri þó svo að t.d. eitthvað af þangi geti endurheimts.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun telur að skipuleggja eigi viðkomandi svæði með þeim hætti að fjörum í Skerjafirði verði ekki raskað.

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is (<mailto:trausti@ni.is>)




From: "Haraldur Sigurðsson" <haraldur.sigurdsson@reykjavik.is>
To: "kjos@kjos.is" <kjos@kjos.is>; "kopavogur@kopavogur.is" <kopavogur@kopavogur.is>; "skipulag@kopavogur.is" <skipulag@kopavogur.is>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "mos@mos.is" <mos@mos.is>; "postur@seltjarnarnes.is" <postur@seltjarnarnes.is>; "gardabaer@gardabaer.is" <gardabaer@gardabaer.is>; "ssh@ssh.is"


Efla hf.
Anna Rut Arnardóttir
Lynghálsi 4
110 Reykjavík

Reykjavík, 21. desember 2020
Tilvísun: 202007029 / 5.2

Efni: Landfylling í Nýja Skerjafirði - ákvörðun Skipulagsstofnunar

Meðfylgjandi er ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu Reykjavíkurborgar að matsáætlun vegna ofangreindrar framkvæmdar, skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.


Tinna Jónsdóttir



Landfylling í Nýja Skerjafirði

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 11. september 2020 barst Skipulagsstofnun tillaga Reykjavíkurborgar að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar landfyllingar í Nýja Skerjafirði, Reykjavík samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 10.22 í 1. viðauka laganna auk 10 gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Vegagerðarinnar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Landfylling í Nýja Skerjafirði. Tillaga að matsáætlun. Reykjavíkurborg. Efla, september 2020.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 29. september 2020.
- Fiskistofu með bréfi dags. 7. október 2020.
- Hafrannsóknarstofnun með tölvupósti dags. 21. september 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 29. september 2020.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 6. október 2020.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 2. október 2020.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti. 1. október 2020.
- Veðurstofu Íslands með tölvupósti dags. 30. september 2020.
- Vegagerðinni með tölvupósti dags. 1. október 2020.

Athugasemdir við tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Jóni Þóri Víglundssyni með bréfi dags. 29. september 2020.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 24. nóvember 2020.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Í framlagðri tillögu Reykjavíkurborgar að matsáætlun eru kynnt áform borgarinnar um gerð landfyllingar í Nýja Skerjafirði og gerð grein fyrir hvernig Reykjavíkurborg hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Fram kemur í tillögu Reykjavíkurborgar að áformað sé að gera 4,3 ha landfyllingu og hugsanlega sjóvarnargarð í Skerjafirði sem að sé liður í þéttingu byggðar og uppbyggingu nýs hverfis í suðvesturhluta borgarinnar í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010 - 2030. Áætluð efnisþörf landfyllingar er um 224.000 m³.



Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar við tillögu að matsáætlun er bent á að ekki sé nægjanlega gerð grein fyrir sjóvarnargarðinum í tillögunni til að hægt sé að taka afstöðu til þess hluta framkvæmdarinnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki liggi fyrir hvort sjóvarnargarður verði reistur. Verkfræðistofunni Vatnaskilum hafi verið falið að kanna áhrif sjóvarnargarðs á uppsöfnun sets og niðurstöður verði kynntar í frummatsskýrslu og að betur verði gerð grein fyrir hugsanlegum varnarmannvirkjum eða sambærilegum aðgerðum.

Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í frummatsskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu Reykjavíkurborgar eða leiðir beint af kröfum í 20. gr. reglugerðar nr. 660/2015.

Tengdar framkvæmdir

Fyrirhugðuð brú yfir Fossvog og landfyllingar tengdar henni hafa áður hlotið málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum.

Valkostir

Í matsáætlun kemur fram að að markmið framkvæmdar sé að uppfylla markmið í aðalskipulagi Reykjavíkur um þéttingu byggðar, þróunarsvæði þ5 sem kallað er Nýi Skerjafjörður. Þar er landfylling talin vera forsenda fyrir því að hægt sé að uppfylla markmið um þéttingu byggðar. Þá er fyrirhugað að vinna tvær deiliskipulagsáætlanir fyrir hið nýja hverfi, norður og suður. Í matsáætlun kemur fram að aðalvalkostur felist í gerð 4,3 ha landfyllingar sem hluta að nýrri íbúabyggð í Nýja Skerjafirði. Ekki verði fjallað um aðra valkosti þar sem að stærð landfyllingar sem gert er ráð fyrir í matsáætlun tekur mið af því byggingarlandi sem bæta þarf við til að skipulagssvæðið nái ákjósanlegri stærð með tilliti til uppbyggingu innviða.

Í athugasemd Jóns Víglundssonar íbúa í Skerjafirði kemur fram að við að áfangaskipta verkinu og fella undir seinni áfanga þann hluta svæðisins sem fyrirhugað er að setja í umhverfismat sé hægt að hefja framkvæmdir á á þeim hluta svæðisins sem sé utan áhrifasvæðis umhverfismats. Rétt væri að að fyrirhugað umhverfismat næði til svæðisins í heild.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði lagt mat á samlegðaráhrif landfyllingar og nýrrar íbúabyggðar.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er ekki talið ásættanlegt að landfylling í Skerjafirði sé eini valkosturinn fyrir þéttingu byggðar eða losun á efni. Það er því mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að vel megi þetta byggð þó ekki sé um leið gengið enn frekar á fjörur og lífríki þeirra í Reykjavík.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í Aðalskipulagi Reykjavíkur varðandi skipulag svæðisins sé lögð áhersla á að byggð geti risið óháð því hvort flugvöllur fari eða verði áfram í Vatnsmýri um fyrirsjáanlega framtíð. Því er landfylling talin spila veigamikil hlutverk í auknu framboði á byggingarlandi og ekki litið á það sem valkost að auka byggingarland til norðurs eða austurs þar sem flugvöllur er nú.

Skipulagsstofnun minnir á að við mat á umhverfisáhrifum skal gera grein fyrir raunhæfum valkostum sem framkvæmdaraðili hefur kannað og bera þá saman með tilliti til umhverfisáhrifa. Samanburður valkosta er mikilvægur liður í mati á umhverfisáhrifum til að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Í gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur kemur fram að ein megin stefna með þéttingu byggðar er betri nýting borgarlands sem valdi því að minna er gengið á óraskað svæði í útjaðri borga. Auk þess kemur fram að við val á svæðum til þéttingar sé sérstaklega litið til verndargildis, útivistargildis og mikilvægis þeirra sem búsvæða. Þéttingu skuli því beina á þau svæði sem flokkast megi sem



vannýtt athafnasvæði eða opin svæði sem hafi lítið sem ekkert útivistargildi. Með hliðsjón af framansögðu bendir Skipulagsstofnun á að mikilvægt er að það komi fram hvernig fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við megin stefnu aðalskipulagsins og að fjallað verði um núllkost þ.e. að uppbygging fari fram án þess að gert sé ráð fyrir landfyllingu og umhverfisáhrif þess kostar verði borin saman við aðalvalkost. Jafnframt þarf að rökstyðja val á kosti að teknu tilliti til umhverfisáhrifa.

Gróður, strand- og sjávarlífríki

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að innan framkvæmdarsvæðisins séu leirur sem verða fyrir raski en þær njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Þá verður einnig rask á klóþangsklungri sem líkt og leirur eru mikilvæg búsvæði vegna mikils líffræðilegs fjölbreytileika. Klóþang sem einkennir vistgerðina klóþangsklungur vex afar hægt á skjólsælum stöðum og því líkur á að vistgerðin endurheimtist seint eða ekki eftir gerð landfyllingar. Þá er lítið eftir af náttúrulegum fjörum á höfuðborgarsvæðinu en þær hafa mikið útivistar og fræðslugildi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áhersla verði lögð á að endurheimta þessi búsvæði ásamt því að strandlengjan verði mótuð á þann hátt að hún líki eftir náttúrulegri strönd. Þá sé til skoðunar að reisa varnarmannvirki til að stuðla að uppsöfnun sets og með því auka líkurnar á að leirur geti myndast á ný.

Ljóst er að aðgerðir til endurheimt vistkerfa og uppsöfnun sets eru háðar talsverðri óvissu. Í umfjöllun um mótvægisáðgerðir í frummatsskýrslu þarf að fjalla ítarlega um möguleika á að endurheimta leirur og fjalla um reynslu af sambærilegum aðgerðum.

Efnisöflun

Í kafla 3.8 tillögu Reykjavíkurborgar kemur fram að ekki sé endanlega ljóst hvaðan efni verði fengið í landfyllinguna. Fyrirhugað er að nýta efni frá nálægum byggingasvæðum og eru nokkrir möguleikar til skoðunar í því sambandi, meðal annars efni sem til fellur vegna uppbyggingar Landspítala Háskólasjúkrahúss eða frá öðrum þéttingarreitum í Reykjavík vestan Elliðaána. Þá er til skoðunar efnistaka úr sjó og flutningur þess efnis sjóleiðina í landfyllinguna.

Í frummatsskýrslu þarf að koma fram efnisþörf, bæði magn og gerð þess efnis, sem fyrirhugað er að nota í landfyllinguna. Gera þarf grein fyrir þeim efnistökusvæðum sem koma til greina og fjalla um flutningsleiðir frá mögulegum efnistökusvæðum. Þá þarf að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem koma til greina varðandi efnistöku.

Þá bendir Skipulagsstofnun á að ef til greina kemur að taka efni úr sjó af svæði sem ekki hefur hlotið málsmeðferð á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum þá þarf að meta umhverfisáhrif þeirrar efnistöku.

Straumar

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kemur fram að skoða þurfi hvaða áhrif breytingar á straumum vegna sjóvarnargarðs hafa á dreifingu gerlamengunar frá yfirfalli og neyðarlúgu skólþdælustöðvar í Skeljanesi og hvort að gerlamengun geti borist að ströndinni þegar óhreinsað skólþ berst frá dælustöðinni um útrásir.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé talið að breytingar á straumum vegna sjóvarnargarðs muni hafa mikil áhrif á dreifingu gerlamengunar frá yfirfalli og neyðarlúgu dælustöðvarinnar í Skeljanesi. Veitur fyrirhuga að reisa nýja dælustöð fráveitu við hlið núverandi dælustöðvar til að koma til móts við aukid álag. Með henni aukist afkastageta og áhætta á að dælustöðin fari á útfall minnkar og það dragi út notkun neyðarlúgu. Þá verði útrás nýrrar



dælustöðvar mörg hundruð metrar og nái langt út fyrir fyrirhugaðan sjóvarnargarð. Bygging sjóvarnargarðs ræðst af niðurstöðum rannsókna á straumum sem kynntar verða í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu skal gera skilmerkilega grein fyrir því hvernig straumar breytast í Skerjafirði með tilkomu hugsanlegs sjóvarnargarðs. Bæði með hliðsjón af setflutningum og söfnun sem og hugsanlegum áhrifum á dreifingu gerlamengunar frá dælustöð fráveitu í Skeljanesi.

Náttúruvá

Í umsögnum Veðurstofu Íslands og Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er bent á að nauðsynlegt sé að meta áhrif hækkandi sjávarstöðu vegna loftslagsbreytinga á landfyllinguna í samræmi við nýjustu rannsóknir þar sem eldri viðmið gerðu ráð fyrir minni hækkun en nú er talin möguleg. Þá bendir Veðurstofan jafnframt á að leggja þurfi mat á hversu mikil hætta sé á sjávarflóðum á landfyllingunni við lágmarkshæð +4,5 m í hæðarkerfi Reykjavíkur og hvernig sú hætta aukist með tíma. Því mati þarf að fylgja lýsing á hvernig sé hægt að draga úr hættunni. Í viðmiðunarreglum fyrir landhæð á lágsvæðum (2018) kemur fram að gera skuli ráð fyrir a.m.k eins metra hækkun sjávar við skipulag á þeim svæðum og að í skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar kemur fram að sjávarstöðubreytingar muni halda áfram og fara langt yfir yfir einn metra, jafnvel þótt dregið verði skarplega úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í skipulagi á svæðinu er tekið tillit til hækkandi sjávarstöðu og gert ráð fyrir að göngustígur meðfram ströndum landfyllingarinnar sé í +5 m í hæðarkerfi Reykjavíkur. Í tillögu að deiliskipulagi fyrir nýja byggð í Skerjafirði er auk þess gert ráð fyrir ýmsum mótvægisáðgerðum til þess að bregðast við hækkun sjávarmáls, þar á meðal mótun nýrrar náttúrustrandar við landfyllingu, landmótun sem beinir regnvatni og sjó í lautir og aðrar blágrænar ofanvatnslausnir. Auk þess eru settir lágmarks gólfkvótar á byggingar og þar miðað við viðmið úr skýrslu Vegagerðarinnar frá 2018 um lágmarks land- og gólfhæðir á lágsvæðum í Reykjavík.

Skipulagsstofnun telur að taka þurfi mið af ábendingum Veðurstofu Íslands og að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrri þoli byggðar á fyrirhugaðri landfyllingu gagnvart sjávarflóðum með tilliti til sjávarstöðubreytinga í samræmi við nýjustu rannsóknir. Fjalla þarf um næmni framkvæmda gagnvart loftslagsbreytingum og leggja mat á tíðni sjávarflóða og hvernig sé fyrirhugað að draga úr hættunni.

Verndarsvæði

Í tillögu Reykjavíkurborgar kemur fram að samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004-2008 hafi verið uppi áform um að fyrirhugað framkvæmdarsvæði yrði friðlýst. Þær áætlanir hafi ekki gengið eftir sem skyldi en búið er að friðlýsa þann hluta Skerjafjarðar sem er innan bæjarmarka Kópavogs með fjörum ásamt grunnsævi. Skerjafjörður er eitt þeirra svæða sem hefur verið tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár Náttúrufræðistofnunar Íslands. Svæðið er tilnefnt vegna fjöruvistgerða og fugla.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kemur fram að vegna nálægðar framkvæmdarsvæðis við verndarsvæði auk þess sem fyrirhugað er að friðlýsa svæðið í heild telur eftirlitið nauðsynlegt að ítarlegt mat fari fram á áhrifum framkvæmda ásamt samlegðaráhrifum framkvæmda við Fossvogsbú á sama svæði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verða áhrif á gróður, strand- og sjávarlífríki, fuglalíf og verndarsvæði metin, auk þess sem samlegðaráhrif við Fossvogsbú verða skoðuð.

Skipulagsstofnun telur að horfa þurfi til þess að Skerjafjörður er eitt þeirra svæða sem stefnt er að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004-2008 auk þess sem Náttúrufræðistofnun Íslands



leggur til að svæðið verði sett verði á B- hluta náttúruminjaskrár. Þá er ströndin vestan og austan við svæðið skilgreind sem hverfisverndarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Landfylling getur haft neikvæð áhrif á gildi þess svæðis sem lagt til er að friða. Jafnframt falla vistgerðir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði undir sérstaka vernd skv. 61 gr. náttúruverndarlaga og ber að forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Þá ber að horfa til útivistar- og fræðslugildis svæðisins sérstaklega með hliðsjón af því að lítið er eftir af náttúrulegum fjörum á höfuðborgarsvæðinu. Með hliðsjón af verndargildi svæðisins telur Skipulagsstofnun að fjalla þurfi með ítarlegum hætti í frummatsskýrslu hvort hægt sé að uppfylla markmið um þéttingu byggðar án landfyllingar.

Enn fremur telur Skipulagsstofnun að fjalla þurfi um hvort að fyrirhuguð framkvæmd geti haft áhrif á verndargildi aðliggjandi verndarsvæða. Þá telur Skipulagsstofnun að leggja þurfi mat á áhrif framkvæmdar á fyrirhugaða friðlýsingu svæðisins í heild.

Umferð, umferðarmyndun og öryggi

Í kafla 4.8 í tillögu að matsáætlun kemur fram að áætlað er að flytja efni í landfyllinguna með flutningabílum. Við flutningana verður notast við veg sem lagður verður vegna fyrirhugaðrar landfyllingar fyrir Fossvogsbrú. Vegurinn sem um ræðir er 700 m langur og kemur til með að liggja frá Nauthólsvegi að framkvæmdasvæðinu. Þannig verði komið í veg fyrir að efnisflutningar fari um Suðurgötu og Einarsnes. Tryggt verður að ofangreindur vegur verði lagður óháð því hvort að framkvæmdir við Fossvogsbrú verði hafnar og áður en framkvæmdir við landfyllingu í Skerjafirði hefjast. Þar sem umrædd veglagning telst hluti framkvæmda við fyrirhugaða Fossvogsbrú verður ekki fjallað um áhrif hennar í frummatsskýrslu.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er gerð athugasemd við að ekki eigi að gera grein fyrir áhrifum af lagningu framkvæmdavegar í frummatsskýrslu þar sem hann telst hluti af framkvæmd við Fossvogsbrú. Þar sem endurtaka þarf hönnunarsamkeppni vegna Fossvogsbrúar er líklegt að tafir verði á þeirri framkvæmd, eins gæti verið að framkvæmdir við landfyllingu hefjist fyrr. Eftirlitið telur að gera ætti grein fyrir áhrifum af lagningu framkvæmdavegar í mati á þessari framkvæmd.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að auk þess að nýtast við framkvæmdir við Fossvogsbrú mun framkvæmdavegur frá Nauthólsvegi þjónusta umferð vegna framkvæmda við 1. áfanga íbúabyggðar og síðan vera megin aðkoma að skipulagssvæðinu þegar vinna við landfyllingu hefst í 2. áfanga. Þar sem að vegurinn verður lagður óháð því hvort af landfyllingu í Skerjafirði verður er ekki talin ástæða til þess að meta umhverfisáhrif á lagningu hans í þessu umhverfismati.

Skipulagsstofnun bendir á að í málsmeðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum vegna landfyllingar og brúar yfir Fossvog var eingöngu fjallað um og lagt mat á lagningu 400 m bráðabirgðavegar frá Nauthólsvegi að framkvæmdasvæði brúarinnar en ekki um veglagningu að fyrirhugaðri landfyllingu og íbúabyggð í Skerjafirði. Stofnunin bendir að á að skv. framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er í öllum tilfellum gert ráð fyrir lagningu vegar frá Nauthólsvegi að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þ.e. 700 m löngum vegi. Því þarf í frummatsskýrslu að fjalla um og leggja mat á a.m.k. 300 m veglagningu frá framkvæmdasvæði Fossvogsbrúar að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði landfyllingar og íbúabyggðar í Skerjafirði. Jafnframt bendir Skipulagsstofnun á að í frummatsskýrslu þurfi að skýra hvernig unnt sé að leggja viðkomandi veg frá Nauthólsvegi að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði án þess að fyrst verð gerð landfylling við Fossvogsbrú.

Hljóðvist og loftgæði

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er bent á að við Nauthólsveg sé barnaskóli, leikskóli og íbúðarhús sem standi alveg við veginn, auk Háskólans í Reykjavík. Þá geti efnisflutningar um svæðið haft áhrif á útivistarsvæðið í Nauthólsvík. Svæðið er þegar undir álagi vegna umferðar bíla



og flugvéla og getur aukin umferð haft í för með sér aukna loft- og hljóðmengun. Jafnframt bendir HER á að í frummatsskýrslu eigi að gera grein fyrir mótvægisáðgerðum eftir því sem við á en ekki eigi að fara í líkanagerð eða rannsóknir. Að mati HER þarf að minnsta kosti að útbúa hljóðvistarkort vegna aukins umferðarmagns. Þá þurfi að meta samlegðaráhrif annarra framkvæmda á sama svæði enda kunni þungaumferð vegna beggja framkvæmda að eiga sér stað á sama tíma.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verða áhrif á hljóðvist, loftgæði og umferð, umferðamyndun og öryggi metin með tilliti til þeirrar umferðar sem nú þegar fer um Nauthólsveg. Til að bregðast við athugasemd HER hefur framkvæmdaraðili ákveðið að útbúið verði hljóðvistarkort vegna aukins umferðarmagns um Nauthólsveg. Í frummatsskýrslu verða samlegðaráhrif bæði vegna nýrrar Fossvogsbrúar og nýrrar íbúabyggðar í Skerjafirði metin og þar tekið tillit til þess að þungaumferð vegna framkvæmdanna geti átti sér stað samtímis.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að auk þess sem tilgreint er í tillögu Reykjavíkurborgar þarf að taka mið af ábendingu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og gera ítarlegri grein fyrir áhrifum á hljóðvist með gerð hljóðvistarkorts.

Gerð landfyllingar

Í kafla 3.7 í matsáætlun kemur fram að við uppbyggingu landfyllingar verði fyllingarefni komið fyrir á fyllingarsvæði jafnt og þétt út frá landi þar til áætlaðri landmótun verði náð.

Skipulagsstofnun bendir á að þar sem fyrirhugað er að byggja landfyllinguna upp jafnt og þétt út frá landi þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir hugsanlegri gruggmyndun á framkvæmdartíma og hugsanlegum mótvægisáðgerðum vegna hennar.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Reykjavíkurborgar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi skilyrðum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram hvernig fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við megin stefnu Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 hvað varðar val á svæðum til þéttingar byggðar með hliðsjón af verndargildi, útivistargildi og mikilvægi þeirra sem búsvæða. Gera þarf ítarlega grein fyrir áhrifum núllkosta, þ.e. uppbyggingu íbúabyggðar án landfyllingar, til að hægt sé að bera saman umhverfisáhrif þessara tveggja valkosta þannig að unnt sé að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum framkvæmdar.
2. Fjalla þarf um í frummatsskýrslu hvort fyrirhuguð framkvæmd kann að hafa áhrif á verndargildi aðliggjandi friðlýstra svæða og fyrirhugaða friðlýsingu Skerjafjarðar í heild.
3. Í frummatsskýrslu verður að greina frá þeim aðgerðum sem framkvæmdaraðili hyggst beita til að lágmarka neikvæð áhrif á leirur og lífríki. Bæði með tilhögun framkvæmda sem og tímasetningu þeirra. Einnig þarf að fjalla ítarlega um möguleika á að endurheimta leirur og fjalla um reynslu af sambærilegum aðgerðum.
4. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram efnisþörf, bæði magn og gerð þess efnis, sem fyrirhugað er að nota í landfyllinguna. Gera þarf grein fyrir þeim efnistökusvæðum sem





koma til greina og fjalla um flutningsleiðir frá mögulegum efnistökusvæðum. Þá þarf að bera saman umhverfisáhrif þeirra valkosta sem koma til greina varðandi efnistöku annars vegar efnistöku úr sjó og hins vegar á landi.

5. Í frummatsskýrslu skal gera skilmerkilega grein fyrir því hvernig straumar breytast í Skerjafirði með tilkomu hugsanlegs sjóvarnargarðs. Bæði með hliðsjón af setflutningum og söfnun sem og hugsanlegum áhrifum á dreifingu gerlamengunar frá dælustöð fráveitu í Skeljanesi.
6. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrri þoli byggðar á fyrirhugaðri landfyllingu gagnvart sjávarflóðum með tilliti til sjávarstöðubreytinga í samræmi við nýjustu rannsóknir. Fjalla þarf um næmni framkvæmda gagnvart loftslagsbreytingum og leggja mat á tíðni sjárvarflóða og hvernig sé fyrirhugað að draga úr hættunni.
7. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um og leggja mat á a.m.k. 300 m veglagningu frá framkvæmdasvæði Fossvogsbrúar að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði landfyllingar og íbúabyggðar í Skerjafirði. Jafnframt bendir Skipulagsstofnun á að í frummatsskýrslu þurfi að skýra hvernig unnt sé að leggja viðkomandi veg frá Nauthólsvegi að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði án þess að fyrst verð gerð landfylling við Fossvogsbrú.
8. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir gruggmyndun á framkvæmdatíma og mögulegum mótvægisáðgerðum vegna hennar.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og er kærufrestur til 29. janúar 2021.

Reykjavík, 21. desember 2020.


Egill Þórarinnsson


Tinna Jónsdóttir



Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur

Reykjavík, 11. desember 2020

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Nýi Skerjafjörður. Fjölgun íbúða, staðsetning nýs skóla, breytt landnotkun og minnkað umfang landfyllingar í Skerjafirði. Umsögn um athugasemdir og afgreiðsla.

Samþykkt að vísa aðalskipulagsbreytingu og umsögn um athugasemdir til afgreiðslu í borgarráði, sbr. 1. og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga.

Aðalskipulagstillagan:

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 2. júlí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Tillagan var auglýst á tímabilinu frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020.

Breytingartillagan nær til landsvæðis vestan núverandi íbúðarbyggðar í Skerjafirði og varðar meðal annars breytta landnotkun, fjölgun íbúða, breytta legu stíga og breytt umfang fyrirhugaðrar landfyllingar. Deiliskipulag 1. áfanga uppbyggingar á svæðinu var auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Tillagan var einnig auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunar, dagsettar 31. ágúst 2020.

Eftirtaldir gerðu athugasemdir við skipulagstillögunar (í tímaröð):

1) Mosfellsbær dags. 28. september 2020; 2) Kópavogsbær dags. 8. október 2020; 3) Seltjarnarnesbær dags. 15. október 2020; 4) Vegagerðin dags. 15. október 2020; 5) Umhverfisstofnun dags. 16. október 2020; 6) Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur dags. 21. október 2020; 7) Eyjólfur Gunnarsson, Margrét Gunnarsdóttir, Gunnar Trausti Eyjólfsson, Atli Már Eyjólfsson og Magnús Daði Eyjólfsson dags. 27. október 2020; 8) Anna S. Haraldsdóttir dags. 28. október 2020; Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 28. október 2020; 9) Hildur Hjartardóttir og Sigurður Jens Sæmundsson dags. 28. október 2020; 10) Jens Pétur Jensen dags. 28. október 2020; 11) Guðjón Haraldsson dags. 28. október 2020; 12) Daníel B. Sigurgeirsson, Elín Björk Jónasdóttir, Sigurdís Björg Jónasdóttir og Birgir Arnór Birgisson dags. 28. október 2020; 13) Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir dags. 28. október 2020; 14) Sigríður Ragna Sigurðardóttir dags. 28. október 2020.

Einnig er lögð fram athugasemd frá Prýðifélaginu Skildi sem dagsett er 27. nóvember og var send inn vegna annarrar breytingar á aðalskipulaginu (sjá stefna um íbúðarbyggð og framlenging skipulagstímabils til ársins 2040), þar sem mótmælt er fyrirhugaðri uppbyggingu og landfyllingu, sbr. einnig athugasemd við auglýsta deiliskipulagstillögu. Ennfremur eru lagðar fram umsagnir frá opinberum aðilum sem bárust á fyrri og síðari stigum vinnunnar.

Samantekt:

Tilgangur breytinga er að uppfæra aðalskipulag Reykjavíkur í takti við þá sýn sem sett er fram í samþykktu rammaskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð og tryggja uppbyggingu húsnæðis í samræmi við fyrsta áfanga deiliskipulags fyrir svæðið. Megin markmið aðalskipulagsins og breytingartillagna er að skapa sjálfbært íbúðarhverfi í Skerjafirði sem er með grænu yfirbragði; hverfi sem er vel tengt við nálæga atvinnukjarna og háskóla með öruggum og vistvænum samgönguinnviðum. Markmiðið er einnig skapa forsendur fyrir grunnskóla og öflugan hverfiskjarna í hverfinu. Markmiðið er að byggðin verði þróuð í sem mestri sátt við núverandi útivist, umhverfi og náttúru. Uppbyggingin er í samræmi við megin markmið aðalskipulagsins um bættu nýtingu svæða innan borgarinnar sbr. markmið um uppbyggingu þéttar og blandaðrar byggðar, sjálfbæra borgarþróun og bættan borgarbrag. Uppbyggingin styður einnig við markmið um aukið framboð íbúðarhúsnæðis og fjölbreytta búsetukosta, í samræmi húsnæðisstefnu aðalskipulags og Húsnæðisáætlun borgarinnar.

Tillögur að breytingum fela einkum í sér að dregið verulega úr umfangi fyrirhugaðrar landfyllingar og er afmörkun hennar færð út fyrir skilgreint hverfisverndarsvæði við Ægisíðu. Rúmgóð skólalóð er skilgreind og færð nær ströndinni. Íbúðarbyggðin stækkar á kostnað áður skilgreindra miðsvæða, sem felur í sér allnokkra fjölgun íbúða, en fyrst og fremst á kostnað atvinnuhúsnæðis sem annars hefði risið. Fjölgun íbúðanna miðar að því að skapa grundvöll að sjálfstæðu skólaverfi og öflugum hverfiskjarna í Skerjafirði sem þjónar hinni nýju byggð og þeirri byggð sem er til staðar.

Stærsti hluti athugasemda snúa að áformum um landfyllingu á viðkvæmu strandsvæði sem hefur bæði náttúruverndar- og útivistargildi. Einnig eru gerðar athugasemdir við umfang uppbyggingar og áhrif hennar á umferð, ekki síst aukna umferð á Einarsnesi.

Í megin atriðum eru viðbrögð við athugasemdum að setja skýrari fyrirvara við áformaða landfyllingu og ekki verði farið í frekari undirbúningi skipulags á síðari áfanga byggðar í Skerjafjarðar fyrr en niðurstöður úr mati á umhverfisáhrifum minnkaðrar fyllingar liggja fyrir.

Yfirlit athugasemda og viðbrögð við þeim:

Nr.	Aðili:	Inntak athugasemdar	Svar	Viðbrögð
1	Umhverfisstofnun, dagsett 16. október	Umhverfisstofnun gerir verulegar athugasemdir við áformaða landfyllingu og telja að skipuleggja eigi byggð á svæðinu þannig að sem allra minnst rökun verði á náttúrulegri strandlengju. Minnt er á að Skerjafjörður er skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði og er á tillögulista Náttúrufræðistofnunar um svæði sem verði sett á B-lista Náttúruminjarskrár. Einnig er minnt á að Álftanes-Skerjafjörður var á náttúruverndaráætlun 2004, þar sem Alþingi mótaði stefnu um að unnið skyldi að friðlýsingu svæðisins. Bent er á að leirur sem eru m.a. þar sem áformuð landfylling er, njóta almennrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga. Áréttað er að færa þurfi sterk rök fyrir því að raska slíkum minjum og hvaða valkostur aðrir hafi verið til skoðunar til að forðast slíkt rask. Minnt er á áformaða vinnu við vatnaáætlun sem hefst á næsta ári, sbr. lög nr. 36/2011 og tekur sú áætlanagerð til Skerjafjarðar. Bent er á mikilvægi þess að skoða umhverfisáhrif allra framkvæmda í Skerjafirði í samhengi. Umhverfisstofnun setur einnig fram ábendingar um gildandi lög og reglugerðir vegna varps efna í haf.	Markmið um verndun náttúrusvæða í Skerjafirði hafa lengi legið fyrir og hefur Reykjavíkurborg tekið undir þau í sinni stefnumörkun með margvíslegum hætti. Það er einnig ljóst að aðeins hluti svæðisins er ósnortin náttúrusvæði og nálægð þéttbýlis og mannvirkja og náttúrusvæða er mikil. Það er því mikilvægt að skapa gott samspil byggðar og vernd náttúrunnar. Breytingartillögur miða að því að áður áformuð landfylling verði minnkuð úr um 6,6 ha í 4,3 ha. Markmiðið er einnig að möguleg landfylling verði mótuð og aðlögðu að náttúrulegu umhverfi eins og kostur er og ekki verði sköpuð sköpp skil milli landfyllingar og strandsjávar, eins og fyrri hugmyndir gengu út frá. Náttúrulegri strönd innan hverfisverndarsvæðis verður með breytingum hlíft, en þó gert ráð fyrir framkvæmdum vegna mögulegrar smábátahafnar þar. Í skipulagsvinnunni er höfuðáhersla lögð á að endurheimta "náttúrulega" strönd og endurvekja það útivistarsvæði sem er fyrir, eilítið utar í firðinum. Með því er tryggt nánara samspil byggðar, strandsvæða og náttúru, heldur en þekkest í eldri "bryggjuhverfum" sem hafa verið byggð undanfarna áratugi á höfuðborgarsvæðinu.	Settur er eftirfarandi fyrirvari vegna stærðar og afmörkunar breyttrar landfyllingar: „Ekki verður farið í skipulagsvinnu við síðari áfanga uppbyggingar í Skerjafirði, þ.e. útfærslu deiliskipulags fyrr en yfirstandandi umhverfismatsferli framkvæmdar við landfyllingu er lokið. Það er ljóst að endanleg niðurstaða úr matsferlinu getur leitt til þess að gera þurfi á ný breytingu á aðalskipulaginu, vegna frekari minnkunar landfyllingar eða breyttrar afmörkunar hennar. Umhverfismat framkvæmdarinnar mun leiða í ljós hvaða mótvægisáðgerðir þarf að grípa til og frekari upplýsingar um hvernig skal standa að hönnun og afmörkun fyllingar svo lífríki og „náttúruleg“ strönd verði endurheimt.“
2	Náttúrufræðistofnun, dagsett 2. október	Gerðar eru verulegar athugasemdir við áformaða landfyllingu í Skerjafirði og gagnrýnt að svæði með mikið	Sama svar og við athugasemd Umhverfisstofnunar hér að ofan.	Sjá hér að ofan

		náttúruverndargildi sé nýtt til þéttingar byggðar og að aðrir valkostur hljóti að koma til greina til að ná fram settum markmiðum. Einnig er minnt á samlegð umhverfisáhrifa vegna annarra framkvæmda í Skerjafirði og Fossvogi.	
3	Anna S. Haraldsdóttir, Skildinganesi 34, dagsett 28. október	Mótmælt er áformum um landfyllingu og tekið undir sjónarmið Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar	Sjá hér að ofan, svar til Umhverfisstofnunar
4	Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, Reykjavíkurvegi 35, dagsett 28. október	Mótmælt er áformum um landfyllingu og bent á neikvæð umhverfisáhrif hennar	Sjá hér að ofan, svar til Umhverfisstofnunar
5	Guðjón B. Haraldsson, Einarsnesi 14, dagsett 28. október	Mótmælt er áformum um landfyllingu og bent á neikvæð umhverfisáhrif hennar	Sjá hér að ofan, svar til Umhverfisstofnunar
6	Jens Pétur Jensen, Bauganesi 8, dagsett 28. október	Mótmælt er áformum um landfyllingu og bent á neikvæð umhverfisáhrif hennar	Sjá hér að ofan, svar til Umhverfisstofnunar
7	Hildur Hjartardóttir og Sigurður Jens Sæmundsson, Bauganesi 29a, dagsett 28. október	Mótmælt er áformum um landfyllingu og bent á neikvæð umhverfisáhrif hennar. Einnig er hvatt til þess að gert sé ráð fyrir samkomuhúsi í hinu nýja hverfi og einnig bent á að það vanti battavöll í hverfið.	Sjá hér að ofan, svar til Umhverfisstofnunar. Ábendingin vísað til deiliskipulagsgerðar.
8	Eyjólfur Gunnarsson, Margrét Gunnarsdóttir, Gunnar Trausti Eyjólfsson, Atli Már Eyjólfsson, Magnús Daði Eyjólfsson, Bauganesi 27a, dagsett 27. október.	Mótmælt er fyrirhugaðri uppbyggingu og landfyllingu. Þéttleiki byggðar er talin allt of mikill og það mun leiða til of mikils umferðarþunga. Einnig er hvatt til þess að staðinn verði vörður um flugvöllinn og ekki tímabært að þrengja að honum.	Sjá um landfyllingu í svari til Umhverfisstofnunar hér að ofan. Ný byggð mun vissulega leiða til aukinnar umferðar, sjá nánar afgreiðslu deiliskipulagsbreytingar. Í samhengi aðalskipulagsins þá er ekki verið að auka heildarbyggingarmagn á svæðinu nema óverulega, frá gildandi stefnu. Nýting svæðisins er í samræmi við samkomulag við ríkisvaldið um nýtingu svæða í grennd við flugvöllinn.
9	Sigríður Ragna Sigurðardóttir, Skildinganesi 48, dagsett, 28. október	Umfangi nýrrar byggðar mótmælt og sérstaklega áhrifum landfyllingar á fjöru með verndargildi. Bent á að ekki nýtist fyllingarefni frá Landspítalalöð í fyrirhugaða landfyllingu. Einnig er lýst yfir áhyggjum vegna áhrif uppbyggingar á umferð.	Vegna áhrifa landfyllingar er vísað til svara við athugasemdir Umhverfisstofnunar. Rangleik er sagt í gögnum að fyllingarefni komi frá Landspítalalöð. Gerð er grein fyrir efnistöku vegna landfyllingar í yfirstandandi framkvæmdamati. Breytingartillögur hafa ekki áhrif á staðsetningu dælustöðvar. Heildarbyggingarmagn á svæðinu eykst aðeins óverulega miðað við heimildir í gildandi aðalskipulagi. Því leiðir breytingin vart nema til óverulegar aukningar á umferð, miðað við það sem annars hefði orðið. Nánar um áhrif umferðar í afgreiðslu deiliskipulagstillögu.
10	Daníel B. Sigurgeirsson, Elín Björk Jónsdóttir, Sigurdís B. Jónasdóttir, Birgir Arnór Birgison, Einarsnesi 76, dagsett 28. október	Mótmælt er að Einarsnesið verði nýtt sem umferðarleið á framkvæmdatíma, þar til nýr framkvæmdavegur kemur. Lýst er yfir áhyggjum vegna aukinnar umferðar á Einarsnesi vegna nýrrar byggðar og ekki liggi fyrir skýrar hugmyndir um endurbætur á götunni. Gagnrýnt er að ekki sé betur staðið að kynningu uppbyggingar.	Vísað til afgreiðslu deiliskipulagstillögu.
11	Prýðifélagið Skjöldur, Anna Bender, formaður, dagsett 27. nóvember	Gerðar eru athugasemdir við fyrirhugaða byggð og að gengið sé á náttúrulega fjöru sem hefur verndargildi. Gagnrýnt er að samráði og upplýsingagjöf hafi verið ábótavant í skipulagsferlinu. Gerðar eru athugasemdir hversu mikið byggingarmagn hefur aukist á svæðinu miðað við áætlanir í eldra aðalskipulagi (AR2001-2024) og lýst yfir áhyggjum af aukinni umferð. Landfyllingu er sérstaklega mótmælt og tekið undir sjónarmið Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar og fyrri athugasemdir Hafrannsóknarstofnunar. Einnig er tekið undir athugasemdir	Það er rétt að byggingarmagn samkvæmt gildandi aðalskipulagi (AR2010-2030) er allnokkuð meira en ráðgert var í eldra aðalskipulagi (AR2001-2024). Þær breytingartillögur sem nú eru auglýstar, boða hins vegar aðeins óverulega breytingu heildarbyggingarmagni, þar sem íbúðum er fjölgað á kostnað atvinnuhúsnæðis. Markmiðið með breytingum, eins og kemur fram í samantekt að framan, er að styrkja Skerjafjörð sem heilsteypt hverfi sem getur staðið undir rekstri grunnskóla og hverfiskjarna. Nálægð við grunnskóla og matvörubúð ætti að gera

		Heilbrigðiseftirlits um mengaðan jarðveg. Ennfremur er tekið undir framkomnar umsagnir flugmálayfirvalda varðandi öryggo og rekstaröryggi flugvallarins. Bent er á markmið aðalskipulags um aðgengi að útivistarsvæðum og náttúrusvæðum, sbr. einnig ný markmið í drögum að AR til 2040, og að fyrirhuguð uppbygging samræmist ekki þeim markmiðum	núverandi hverfi að enn meira aðlaðandi búsetukosti. Þá er markmið breytinganna að efla útivistarmögulega og markmiðið að þau útivistarsvæði sem verða fyrir raski á framkvæmdatíma verði öll endurheimt. Vísað er til svara að framan við athugasemd Umhverfisstofnunar, vegna landfyllingar og athugasemd Heilbrigðiseftirlits. Að öðru leyti vísað til svara vegna deiliskipulagsbreytingar.	
12	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, dagsett 21. október	Bent er á að skólalóð nær yfir svæði þar sem staðfest hefur verið að olíumengun finnst í jarðvegi. Vegna þess þarf að setja fram strangari skilmála en ella um hreinsun og jarðvegskipti. Einnig er minnt á að gæta þurfi vel að áhrifum á lífríki vegna landfyllingar og nálægðar við verndarsvæði.	Sjá afgreiðslu deiliskipulagsbreytingar og setta skilmála í deiliskipulagi. Að öðru leyti sjá svör vegna athugasemdar Umhverfisstofnunar	Varðar skilmála í deiliskipulagi, einkum vegna skólalóðar.
13	Vegagerðin, dagsett 15. október	Vegagerðin kallar á nánara samgöngumat í tengslum við breytinguna, m.a. áhrif á nærliggjandi þjóðvegi og að nánari grein sé gerð fyrir tilækum innviðum fyrir hvern ferðamáta.	Heildarbyggingarmagn á svæðinu eykst aðeins óverulega miðað við heimildir í gildandi aðalskipulagi. Því leiðir breytingin vart nema til óverulegar aukningar á umferð, miðað við það sem annars hefði orðið. Frekara samgöngumat og áhrif á umferð hefur verið unnið í tengslum við gerð deiliskipulags fyrsta áfanga uppbyggingar og er vísað til afgreiðslu þess.	Lögð eru fram frekari gögn um áhrif á umferð í gögnum deiliskipulags
14	Kópavogsbær, dagsett 8. október	Gerð er athugasemd við landfyllingu og uppbyggingu sem getur haft áhrif á dælustöð Skerjafjarðarveitu og lögn hennar sem liggur um fyrirhugað uppbyggingarsvæði.	Ekki stendur til að gera landfyllingu suður af dælustöðinni. Við frekari vinnslu skipulags á svæðinu var horfið frá slíkum og tillaga að breyttum skipulagsupprætti endurspeglar það. Tekið er fram að landfylling innan hverfisverndarsvæðis er felld út. Skýringarmynd nr. 3, bls.9 hefur einnig verið lagfærð til að á rétta það. Varðandi legu lagnar um uppbyggingarsvæðið, er vísað til afgreiðsu deiliskipulags.	Skýringarmynd nr. 3 lagfærð.
15	Seltjarnarnes, dagsett 15. október	Ekki gerðar athugasemdir		
16	Mosfellsbær, dagsett 28. september	Ekki gerðar athugasemdir		
17	Umhverfis- og heilbrigðisráð, dagsett 9. desember	Í umsögn skrifstofu umhverfisgæða er fjallað einkum um umhverfisáhrif landfyllingar og mikilvægi þess að standa vel að umhverfismati landfyllingar. Skrifstofan hefur þegar gefið umsögn inni matsferli framkvæmdar við landfyllingu.	Umsögn kallar ekki á sérstök viðbrögð. Tekið er undir það sem þar kemur fram, sbr. tillaga að fyrirvara hér til hliðar.	Settur er eftirfarandi fyrirvari vegna stærðar og afmörkunar breyttrar landfyllingar: „Ekki verður farið í skipulagsvinnu við síðari áfanga uppbyggingar í Skerjafirði, þ.e. útfærslu deiliskipulags fyrr en yfirstandandi umhverfismatsferli framkvæmdar við landfyllingu er lokið. Það er ljóst að endanleg niðurstaða úr matsferlinu getur leitt til þess að gera þurfi á ný breytingu á aðalskipulaginu, vegna frekari minnkunar landfyllingar eða breyttrar afmörkunar hennar... Umhverfismat framkvæmdarinnar mun leiða í ljós hvaða mótvægisáðgerðir þarf að grípa til og frekari upplýsingar um hvernig skal standa að hönnun og afmörkun fyllingar svo lífríki og „náttúruleg“ strönd verði endurheimt.“

Afgreiðsla breytingar:

Formlegar athugasemdir og umsagnir leiða ekki til efnislegra breytinga frá auglýstri aðalskipulagstillögu. Hinsvegar er settur skýr fyrirvari vegna yfirstandi mats á framkvæmdum við landfyllingu og áhrifa hennar á svæði sem skilgreind eru með verndargildi skv. 61. gr.

náttúruverndarlaga (sbr. ný skýringarmynd í greinargerð):

„Ekki verður farið í skipulagsvinnu við síðari áfanga uppbyggingar í Skerjafirði, þ.e. útfærslu deiliskipulags fyrr en yfirstandandi umhverfismatsferli framkvæmdar við landfyllingu er lokið. Það er ljóst að endanleg niðurstaða úr matsferlinu getur leitt til þess að gera þurfi á ný breytingu á aðalskipulaginu, vegna frekari minnkunar landfyllingar eða breyttrar afmörkunar hennar. Umhverfismat framkvæmdarinnar mun leiða í ljós hvaða mótvægisáðgerðir þarf að grípa til og frekari upplýsingar um hvernig skal standa að hönnun og afmörkun fyllingar svo lífríki og „náttúruleg“ strönd verði endurheimt.“

Haraldur Sigurðsson